um / og yfergiæfe min Lykama / so eg
brynne/ og hefde ecke Kiærleikan/ þa være
mier þad eingen Nytsemd. Kiærleik-
en er Polemmoodur og Goodviliadur /
Kiærleikuren er eige ofundsamur/ hann
giører eckert Illmannlega. Eige blæs
hann sig upp/ hann er ecke Oftsamur/ eige
leitar hann þess hvad hñs er/ eige verdur
hann tilIlls egndur / hann hugsar eckert
vondslega/ eige fagnar hann yfer Ræng-
læetenu/ helldur samfagnar hñ Sannleik-
anum. Hann umber alla Hlute/ hann truer
allu/ hann vonar allt / hann umlydur alla
Hlute. Kiærleikuren þrytur alldrei/ þo
ad Spædoomarner hiadne og Tungu-
mælunum slote / og Skynsemene linne.
Þviad vorer Vitsmuner eru Hælfverk/
og vorar Spæsagner eru Hælfverk.

En

Ef nær þad kiemur sem algiort er/ þá mun afleggiast þad sem Hálfverk eder. Þa eg var Barn/ talade eg sem Barn/ og eg var skynsamur sem Barn / og eg hugsade sem Barn. Ef þa eg giordest Madur / lagda eg af hvad Bernskleg var. Nu siáum vier fyrer Speigelen i Radgátu/ en þa Auglite til Auglites. Nu þecke eg Ofullkomlega/ en þa mun eg þeckia / so sem eg em þecktur. Nu blifa þa þesse þrju / Trueñ / Voneñ / Kiærleikureñ. En Kiærleikureñ er mest ur af þessum.

Evangelium Matth. 3. C.

I þann Tima. Kom JEsus af Galileá ad Jordan til Johannem / uppa þad ad hann skyrdest af honum. En Johannes varnade honum þess / og sagde. Mier er þorf ad eg skyrest af þier/ og þu kiemur til mín? En JEsus svarade og sagde til hans. Leyfdu nu so vera/ þviad so hæfer oss allt Rettlæte uppfylla. Og þa let hann þad epter honum. En er JEsus var skyrdur/ stie hann jafn-

lafnskiookt upp ur Vatnenu. Og sia / ad Himnarner lukust upp yfer honum / og Johannes sa Guds Anda ofan stiga sem Dufu/og yfer hann koma. Og sia/ ad Roddest af Himne sagde: Dette er Sonur minn Elskulegur / Ad hvorium mier vel pocknast.

1. Sunnudag i Fostu.

Collecta.

HEyr oss Ekra Gud / vier biddum/ Lyttu Myskunsamlega yfer pitt Folk / og snu þra oss Miskunnelega þinne Reide/Fyrer þinn/ etc.

Pistillen 2. Cor. 6. C.

Elskuleger Brædur. Ein vier samvinnum ydur so sem Medhialparar / ad þier hafed ecke medteked Guds Nad til Dinnstes/þvi hann seiger. I þagann Tyma Bænheyrda eg þig/ og a Deige Hialpradesins hialpade eg þier. Sied/ nu er sa þægelege Tyme / nu er Dagur Hialpradesins. Latum oss engvan Hneyxlun i nockru giefa / uppa þad ad Embætted verde ecke lastad. Heldur audsynum oss sialfa i ollum Hlutum / so sem Guds þienara. I mikellre þolinmæde/ I Harmkvælum/ I Naudum/ I þreng

ingum/

ingum/ J Nudstrokum/ J Myrkvastof-
um/ J Vpphlaupum/ J Erfide/ J Bok
um/ J Fostum/ J Hreinlyfe/ J Vg-
doome/ J Bidlundar-Stede/ J Godvilld/
J Helgum Anda/ J Falslausum Kiær-
leika / J Sannleiksins Orde / J Guds
Krapte/ fyrer Herklæde Rietthlætesins/
til hægre og vinstre Handar. Fyrer Veg
semd og Vansemd / fyrer Last og Lof-
yrde/ so sem Falsarar/ og þo Sannorder/
so sem Okunuger/ og þo kunuger. Lyka
so sem þeir ed deyia/ og siæed/ þad vier
lifum. So sem Hegnder / en eige Lyf-
lætner/ so sem Syrgiendur/ þo jafnan
Glader. So sem Volader/ en þo marga
Auduga giørande. Lyka sem þeir ed
eckert hafa / og hafa alla Hluti.

Evangelium Matth. 4. C.

I þann Tima. þa var JEsus leiddur
af Anda a Eydemørk / uppa þad ad
hann yrde freistadur af Diofflenum. Og
þa hann hafde fastad fiorutyger Daga/
og fiorutyge Natta / hungrade hann
sidan. Og Freistarenn gieck til hans/ og

sagde:

sagde: Ef ad þu ert Guds Sonur/ þa seig þu ad Steinar þesser verde ad Braudum. Efi hañ svarade og sagde: Skrifad er/ Madurenn lifer ecke af einusamañ Braude / helldur af sierhverriu Orde / þvi sem framgeingur af Guds Munne. Þa took Diofullenn hañ med sier i Borgena helgu / og sette hañ uppa Musteris Bustena / og sagde til hañs: Ef ad þu ert Guds Sonur/ Fleyg þier hiedan ofan af/ þviad skrifad er/ Ad hañ mune biooda Englum sinum umm þig / ad a Hendum bere þeir þig / so ad þu steytter ecke Fodt þinn vid Steine. JEsus sagde til hañs. Efi aptur er skrifad/ Eige skalltu freista Drottenns Guds þins. Og enn aptur flutte Diofullenn hañ med sier uppa eitt miog ofur hatt Fiall/ og synde honum oll Riike Veralld arenar/ og þeirra Dyrd. Og hañ sagde. Allt þetta mun eg giefa þier/ ef ad þu framfellur og tilbidur mig. Þa sagde JEsus til hañs. Far i burt fra mier Andskote / þviad skrifad er/ Drottenn

Gud þin skalltu tilbidia/og honum einum þioona. Þa forliet Diofullen hann. Og sia þu/ad Englar komu til hans/ og þioonudu honum.

II. Sunnudag i Fostu.

Collecta.

HEyr oss Herra Gud/ sem sier ad vier erum vanmegna til alls Goods/ Vier biddum/ hialpa oss i ollum vorum Motgangge/ og hreinsa oss af vorum Syndum og vondum Hugrenningum/ fyrer þin/ etc.

Pistillen i. Thessal. 4. C.

KEsskuleger Brædur. Vier biddum ydur og æmisnum i Drottne Jesu Christo/ ad so sem þier hafed medteked af oss/ hvørnen þier skulud gænga/ og Gude þocknast/so ad þier æ meir og meir full komnare verded. Þviad þier vited hvør Bodord vier høfum giefed ydur/ fyrer Drotten Jesum. Þviad þetta er Vilie Guds/ydar Helgan/ ad þier hallded ydur i fra Frillulifse/ og hvør ydar sem eirn vite ad eiga sitt Kier i Helgun og Heidre/ Ecke i Girndar Bruna/ so sem Heidingiar/ þeir af Gude eckert vita. Ad engen midurþrycke ne svikke sinn

Broodur

Brodur i nockre Nøndlan. Þviad Drott eñ er hañ sem hefner alls þessa/ sem ad vier høfum ądur fyrer sagt / og ydur vokkad. Þviad Gud hefur ecke kallad oss til Ohreinleika / helldur til Helgunar.

Evangelium Matth. 15. C.

Í þañ Tyma. Og JEsus gieck burt þadañ / og foor i Landsbygder Tyri og Sydonis. Og sia þu / ad Canverſk Kona gieck ut af þeim somu Takmørkum/kallade epter hønū/seigiande: NErra/Sonur Davids/ Myssuna þu mier/ mijn Dookter kvelst illa af Diofslenum. Og hañ svarade hesse aungvu Orde. Nañs Lęresveinar geingu til hans/bædu hañ og sogdu. Lættu hana fara / af þvi hun kallar epter oss. Eñ hañ svarade og sagde. Eg em ecke sendur nema til fortapadra Sauda / af Huse Israels. Eñ hun kom og tilbad hañ / seigiande: NErra/ hialpa þu mier. Eñ hañ svarade hesse og sagde. Þad er ecke gott ad taka Brauded Barnanna / og kasta þvi fyrer Hvolpana. Eñ hun sag-

de. Satt er pad Herra. Eg tro eta Hvolparner af Molum peim/sem detta af Borde Drottna peirra. Pa svarade JEsus og sagde til hennar. O Kona/ mikel er pin Tru / Verde pier so sem pu vilt. Og a peirre sømu Stundu vard hennar Dottter heilbrigd.

III. Sunnudag i Føstu.

Collecta.

HEyr Almættugur Gud / vier bidium/ Lyt pu a vorar audmiwkar Bæner / og wrtere hægre Hønd pinar Magtar / oss til Hialpar. Fyrer DRottenn / etc.

Pistillen til Ephes. 5. Cap.

KElskuleger Brædur. So vered nu Gudz Epterfylgiarar/ so sem Elskuleg Børn/ og gangid i Kiærleike/ lyka so sem ad Christus hefur oss elskad/ og sig sialfan utgiefed fyrer oss/ Fornfæring og Offur / Gude til Sætleiks Ilms. En Frillulyfe og allan Ohreinleik/ eda ut Agyrnd/ nefnest ecke medal ydar / so sem Heilogum hæfer / Otierleg Ord og fiflslegt Hial eda Kiesene / hvad ydur heyrer ecke/ heldur myklu framar Packargiord. Vviad pad vited pier/ ad engenn

Frillu

Frillulyfes Madur/ edur Ohreirn/ eda Agiarn (hvor ad er Skurgoda Dyrkare) hefur Arftoku i Ryke Christs og Guds. Læted aungvañ villa ydur / med Onytsamlegū Forfolum/ vi fyrer pad kiemur Reide Guds yfer Børn Vantruarefiar. Af vi / vered ecke peirra Hluttakendur/ vviad pier vorud fordum Myrkur/ eñ nu erud pier Ljoos i Drottne. Ganged so sem Børn Ljossens / (vi Avextur Andans er allskonar tud Godgirne / Riettlæte og Sañleikur.)

Evangelium Luc. 11. C.

Af peim Tyma. JEsus rak ut Dioful pañ er Mællaus var. Og pad skiede / pa Diofullen var utfareñ / ad hiñ Mællause talade/ og Foolked undradest pad. Eñ nockrer ut af pm sogdu. Fyrer Belzebub Diofla Hofdingia pa drifur hañ Diofana ut. Adrer freistudu hañs / og leitudu af honum epter Teikne af Himne. En er hañ sa peirra Hugreñingar/ sagde hañ til peirra: Hvert Ryke sem i sialfu sier er sundur-

þyckt / þad mun eydaſt / og hvørt Hus mun yfer aſnad hrapa. Og ef Andſkot' eſi er i ſialfum ſier ſundur þyckur / hvørneſi mun hans Ryke þa ſtandaſt / fyrſt þier ſeiged mig fyrer Belzebub utreka Diofiana: Eſi ef eg fyrer Belzebub utrek Diofiana / Fyrer hvørn utreka þa ydar Syner? Þar fyrer ſkulu þeir og verda ydrer Doomendur. Eſi ef eg rek ut Diofiana med Guds Fingre / Saalega er þa Guds Ryke komed til ydar. Nær ed ſterkur Nervopnadur vardveiter ſitt Andyre / þa er allt med Mak hvad hann a. Eſi nær annar Yferſterkare kiemur og yferviſur hann / þa fletter hann hann allum Nertjum / a hvør ed hann treyſte / og i ſundur ſkipter ſo hans Herfange. Hvør hann er eige med mier / ſa er a moote mier / og hvør ſem ſamann ſafnar ecke med mier / ſa ſundurdreifer. Nær Vohreirn Ande fer ut af Manenum / raafar hann um purra Stade / leitar ad Hvild og finnur ecke / þa ſeiger hann: Eg vil aptur hverfa i Hus mitt / hvadan eg

foor

foor ut. Og þa hañ kiemur/ fiñur hañ þad soopad og prydt. Þa fer hañ og tek ur med sier sio adra Anda sier verre; og sem þeir eru þar iñkomner/byggia þeir þar/ og verdur so þess Mañs hid seinasta/ verra hinu fyrra. Eñ þad skiede þa hñ talade þetta/ ad Kona nockur uk af Folkenu / hoof upp sijna Raust og sagde til hañs: Sæll er sa Kvidur sem þig bar/og þau Brioost/sem þu mylkter. Eñ hañ sagde: Ja ad visu. Sæler eru þeir sem heyra Guds Ord / og vardveita þad.

Miðpoestu Sunnudag.

Collecta.

HYr Almættuge Gud / vier biddum / veittu oss/ ad vier sem søkum vorra vondra Verka/ maklega erum straffader / mættum og so aptur ad nyu/ fyrer Hialp og Fulltyng þinar, stadar verda huggader. Fyrer þiñ/ etc.

Pistillen Gal. 4. C.

KEskuleger Bradur. Seiged mier þier sem under Logmalenu vilied vera / Nafed þier eige heyrt Logmaled? Þvi ad skrifad er/ þad Abraham hafde tvo Sonu/eirn af Ambattiñe/og aññ af

þeirre sem var frialss. Eſi sa sem af Ambattene var/er fœddur epter Holld enu. Eſi hñ af þeirre Frialsu/er fyrer Fyrerheited fœddur/hvad ed hefur añar lega Meining. Þvi þesse eru þau tvo Testamenta. Eitt af Fiallenu Sina/ þad er til Þrælkunar fœder/hvert ad er Agar. Þviad Agar / er Fialled Sina i Arabia/eſi andsvarar Jerusalem/ þeirre sem nu er/ hver ad er i Þrælkan med sínum Bornum. Eſi su Jerusalem sẽ þar fyrer ofañ er/hun er su hin frialsa/hver ad er Moder vor allra/ þviad skrifad er. Bertu glod þu Obyria/ þu sem ecke fœder/ Briootst fram z kalla/ þu sem ecke ert Joodstuk/þviad hin einsamla hefur myklu fleire Born eſi su sem Mañeſi hefur. Eſi vier / Kiærer Brœdur/erum Fyrerheitesins Born/so sem Isaac. Og líka sem i þañ Tíma/ ad sa sem epter Holldenu var fœddur / Offsookte þañ sem epter Andanum var fœddur / so skiedur þad nu eirneſi. Eſi hvad seiger Ritningeſi. Rek burt Ambattena

bættena og Son heñar/ þviad Ambætt
areñar Sonur skal ecke erfa med Syne
hiñar sem frials er. So erum vier nu
Kiærer Brædur/ ecke Anbattareñar
Børn/ Heldur friælsrar Kuñu.

Evangelium Joh. 6. C.

Á þeim Tyma. Epter þetta foor Jes
sus yfer um Sianar Hafed Gali-
leæ/sem liggur vid Stadeñ Tiberiadis/
og mykell Mañfiolde fylgde honum epz
er/þviad þeir sau hañs Jardteikn sem
hañ gierde a þeim sem siuker voru. JEs
sus gieck uppa eitt Fiall/og setteſt þar
nidur med synum Lærisueinum. En þa
var Paska-Hatid Gydinga nælæg.
Og JEsus leit þa upp/og sa ad myk-
ell Mañfiolde kom til hañs / þa sagde
hañ til Philippum: Hvadañ kaupum
vier Braud so ad þesser neyte? En þetta
sagde hañ til ad freista hñs þar med /
þviad hañ visse sialfur hvad hañ vilde
giora. Philippus svarade honum /
Braud fyrer Tvo Hundrud Peninga
nægeſt þeim ecke / so ad hvor eitn fæ

Ja nockud lysted. Einn af hans Lærisveinum/ sem ad var Andreas Brooder Simonar Petri/ sagde honum. Erst Ungmenne er hier/ sem hefur fimm Biggbraud og tvo Fiska. En hvad skal petta a medal so margra? Pa sagde JEsus/ latid Mennena setiast nidur ad borda. En par var i peim Stad Gras miked. Og par settust nidur ad borda/ Kallmen ad Tolu nær fimm Pusunder. En JEsus took Braudenn/ pa hann hafde packer giort/ og fieck sinum Lærisveinum/ en peir feingu peim sem til Bordsins hofdu setzt. Slykt hid sama af Fiskunum/ So miked sem hver vilde hafa. En pa peir voru mettir/ sagde hann til sinna Lærisveina. Safned samann peim Leifum sem af geingu/ so ad eckert spillest. En peir sofnudu peim saman/ og fylltu upp Toolf Karfer medur pessar Leifar/ af peim Fimm Biggbraudum/ hvorjar ad voru auk pess sem peir hofdu neytt. En pa er pesser Men sau hvort Teikn ad JEsus giorde/ sogdu

peir:

þeir: Þesse er sannarlega sa Spamadur sem i Heimen skal koma. Eꝼ þa JEsus formerkte þad/ ad þeir mundu koma og Nandtaka hann / og giera hann ad Konge/ Veik hann Einsamann burt/ upp aptur a Fialled.

Sunnudagen epter Midpæstu.

Collecta.

O Þu Almættuge Gud / vier bidium/ lyttu myskunsamlega yfer þyna Cyristne/ ad hun bid ytra stiornist med þinne Myskunn og bid innra fyrer þyna Glyrd og Veirdan vardveitest. Fyrer JEsum / etc.

Pistillen Heb. 9. C.

KEskuleger Brædur. Christur er komenn/ þad hann sie Biskup epterkomande Audæfa / fyrer stærre og algiordare Tialldbud/ þa sem ecke er med Hendum giord/ þad er/ þa sem ecke er þessaran Byggingar / ecke helldur fyrer Hafra Blood nie Kalfa/ helldur er hann fyrer sitt eiged Blood eitt sinn ingegnt i þad hid Heilaga/ z fann eilyfa Endurlausn. Þvi ef Vxna og Hafrana Blood / og Askan Kvigunar adreifd/ helgar hina Saurugu til holdsins Hreinsunar/ hvor

sa

su myklu framar mun þa Bloded Christi (sem sialfan sig hefur an Fleckunar fyrer Ettlyfan Anda Gude offrad) hrein sa vorar Samvikskur af daudum Verkum/til ad þioona Gude lifandae? Og þar fyrer er hann eirnen Medalgaungu Mad ur hins Nya Testamentis / fyrer þann Dauda sem skiedur er til Frelsunar ut af þeim Yfertrodslum (þær sem under hinu fyrra Testamentenu voru) so ad þeir sem kallader eru / Medtake eilyfa Arfleyfd Fyrerheitesins.

Evangelium Joh. 8. C.

I þann Tima. JEsus sagde til Gydingana og Hofdingia Kienemanna. Hvor er sa af ydur / þad hann meige straffa mig um nockra Synd? En ef eg seige ydur Sannleikan/Hvar fyrer trued þier mier þa ecke? Hvor hn er af Gude/ Sa heyrer Guds Ord/þar fyrer heyre þier þau eige/þviad þier erud ei af Gude. En Gydingarner svorudu/og sogdu til hans: Seigum vier ecke vel/ þad þu ert Samverskur / og hefur Diofulen?

JEsus

JEsus svarade: Eg hefe ecke Diofull/ helldur heidra eg min Fodur / og þier vanheidred mig. Eg leita ei ad minne Dyrd/sa er sem leitar og dæmer. Sannlega/Sannlega segge eg ydur/Hvor hann geymer mijn Ord / hann mun ecke sia Daudann ad Eilifu. Þa sogdu Gydingarner til hans: Nu þeckium vier ad þu hefur Diofulenn. Abraham er daudur/ og Spamennerner/ og þu seiger/ Ef ad sa er nockur sem geymer mijn Ord/hann skal ecke Daudann smacka ad Eilifu. Hvort ertu meire Fodur vorum Abraham/hvor ed framlidenn er/og Spamennerner eru og framlidner? Hvorn giorer þu sialfann þig? JEsus svarade. Ef ad eg vegsama mig sialfur / þa er mijn Dyrd eingenn. Minn Fader er sa sem mig vegsamar/ hvorn þier seiged ydar Gud vera/ og þier þecked hann þo ecke. Ef eg þecke hann/ ætt ef eg segde þad/eg þeckte hann eige/ þa være eg eirn Liugare likur ydur. Helldur þecke eg hann/og eg geime hans Ord. Abraham Fader ydar gladd-

est

est ad hann skyllde sia min Dag/ og hann sa hann/ og vard gladur vid. Pa sogdu Gydingar til hans. Pu ert enn ecke fimtugur/ og po saast u Abraham? JEsus sagde til peirra. Sannlega, sannlega seige eg ydur/ ad adur enn Abraham var/ em eg. Pa tooku peir upp Steina/ so ad peir kastudu a hann. En JEsus fordade sier/ og gieck ut ur Musterenu.

A Bodunardag Mariæ

Collecta.

DDrotten ver bidium/ Jafnvell hu blide Madr vor Kiortu/ so ad ver sem medkiennum Giednad JEsu Christi pijnu Sonar/ fyrer Engelsins Bodan/ martrum fyrer hans Pijnu og Krossens Kvol/ komast til Dyrdarenar Upprisu. Fyrer pin Son/ etc.

pistillen Esa. 7. Cap.

A peim Dogum/ Talade DRotten enn framar til Achas/ so seigiande. Bid pier eins Teikns af Gude DRotteine pijnum/ hvort pad er nidre i Undirdiupum/ edur a Hadum uppe. En Achas sagde. Eige skal eg pess bidia/ og ei skal eg freista DRottens. Pa sagde hann. Heyred nu hier af Nuse Davids. Hvort er

er ydur þad forlyked ad þier giored Mønnunum Þvyngun / þad þier vilied eirnesi og mœda min Gud ? Fyrer þann Skuld mun DRotten sialfur giefa ydur eitt Teikn. Sia þu/ad ein Jomfru mun Oliekt verda / og mun eirn Son fœda/ og hann mun hun kalla Immanuel/ Gmiors og Nunnangs mun hann neyta. So ad hann kunne ad forleggia hid Vonda/ og ad ukvelia hid Gooda.

Evangelium Luc. 1. C.

EN N a hinum Siotta Manude var Gabriel Engell sendur af Gude i þa Borg i Galilœa/sem nefnest Nazareth/ til þeirrar Meyar er fæstnud var þeim Manne ed Joseph hiet / af Nuse Davids/og Heite Meyarennar var Maria. Og Engellen gieck inn til hennar/og sagde: Heil sertu Nadarfulla/ DRotten er med þier/ Blessud ertu a medal Kvenna. En þa hun sa hann/vard hun hrœdd af hans Ordum / og hugleidde ad hvilkt vœre þesse Kvedia. Og Engellen sagde til hennar. Ottast þu ecke Maria/þviad

þu

þu fanst Nad hia Gude. Sia / þu mu-
nt Barn gieta i Kvide-þionum / og munt
Son fœda / og hans Nafn skaltu kalla
JEsus. Hann mun mikell verda / og kall
ast Sonur hins Hœdsta. Og Gud Dro-
ttenn mun gieta honum Sæte sijns Fod
urs Davids / og hann mun rykia yfer Nu-
se Jacobs ad Eilifu / Nans Rykis mun
og engenn Ender verda. Þa sagde Ma-
ria til Engelsins. Hvørnenn skal þad
skie / af þvi ad eg hefe aungvann Mann
kient? Engellenn svarade / og sagde til
hennar: Heilagur Ande mun koma yfer
þig / og Kraptur hins Hœdsta mun yf-
erskyggia þig. Af þvi / og þad hid Hel-
ga sem af þier mun fœdast / skal nefnast
Sonur Guds. Og sia þu / ad Elizabeth
Frændkona þijn / hefur og Son gieted i
Elle sinne / og þesse er Sivtte Manud-
ur hennar / sem kollud var Obyrta / þvi
Gude er eckert Ord Omattugt. Eñ
Maria sagde: Sia / Eg em Ambátt
Drottens / Verde mier epter Orde þij-
nu. Og Engellenn vek fra henne.

A

A pælma Sunnudag.

Collecta.

HEyr þu Almætteuge Eilifze Gud / þu sem lætest hefur þitt Son taka Manndoom / og audmykia sig til Krossins Dauda / oss til audmyktar Dæmis / epter ad fylgia. Virdstu ad auka og margfalda þynar Gæfur med oss / so ad vier sem treystum uppa hans Pyny og Dauda / mættum og eirnest hans Uppriss Hluttakarar verda. Fyrer hann / etc.

Pistillen til Philipp. 2. C.

KEskuleger Brædur. Hvor og eirn sie so sinnadur sem JEsus Christur var. Hvor þo ed hann være Guds Mynd / hiellt hann þad þo ecke fyrer Rann / Gude likt ur ad vera / heldur minkade hann sig sialf adn / og took a sig Mynd eins þionns / vard likur odrum Mønnum / og ad Hegd an fundenn sem Madur. Lægdi sig sialfann / og vard hlydugur allt til Daud ans / Ja / allt til Krossens Dauda. Fyrer þvi hefur Gud upphafed hann / og hefur giefed honum Nafn / þad sem yfer ollum Nefnum er. So ad i Nafne JEsu skulu oll Knie sig beygia / sem a Himnum / og a Jordu / og under Jordu sie eru. Og allar Tungur skulu vidur-

kiesa/ pad JEsus Christus sie Drott eñ/ til Dyrdar Guds Fodurs.

Gudspialled stendur a hiñ Fyrsta Sunnudag i Adventu.

A Skyrdag.

Collectan.

HEyr HErra JEsu Christe/ pu sem hefur lated eda epter hia oss bitt Braud ad eta/ og hiñ Kaleik ad drecka i Minning hiñar pinu / Vier bidium hig/ ad pu villder asphoa allan Ohreinleika as vorum Hiortum/ og giefa oss tyna Nad/ ad vier mattu verduglega medtaka hetta Sacramentum pino sañarlega Lykama og Bloods/ pu sem lifer og ryker med Gude Fodur og Helgum Anda/ Eirn/ etc.

Pistillen 1. Cor. 11. C.

GOoder Brædur. Pvi eg medtook pad af DRottne sem eg hefe ydur giefed. Af pvi ad DRotten JEsus a peirre Natt er hann var svikenn/ took hann Brauded/ giorde packer/ braut pad/ og sagde. Taked og eted/ petta er mitt Liikame / sa fyrer ydur verdur brotenn / Giored pad i mina Minning. Somuleidis og eirnenn Kaleikenn / epter pad hann hafde Kvolldmaltiidena eted/ seigiande. Pessi Kaleikur er Nytt Testamentum i minu Bloode. Giored petta/ so opt sem pier

drecked

drecked þar af i mína Minning. Þviad so opt sem þier eted af þessu Braude / og drecked af þessum Kaleik/ skulud þier kunngiora Dauda DRottens / þangad til hann kiemur. Hvor hann etur nu af þessu Braude og dreckur af þessu Kaleik DRottens Overdugur / sa er sekur vid Holld og Blood DRottens. En hvor Madur proofe sig sialfur / og ete so af þessu Braude/ og drecke so af þessum Kaleik. Þviad hvor hann etur og dreckur Overdugur / sa etur og dreckur sialfu sier Doom/ Giorande ecke Greinarmun a DRottens Likama.

Evangelium Luc. 22. C.

I Þann Tima. Og þa er su Stund kom/ Setteſt JEſus til Bords / og þeir tuolf Postular med honum/ Og hann sagde til peirra: Mig hefur af Hiarta næsta epterlangad ad eta þetta Paska Lamb med ydur adur en eg lyd. Þviad eg segi ydur/ ad hier epter mun eg ecke optar af því neyta/ þar til þad fullkomnast i Guds Rike. Hann tok og Kaleik/

eñ/ gierde þacker og sagde: Medtaked hañ eg skipted hønum a mille ydar. Þvi ad eg seige ydur/ eg mun ecke drecka af Þessvidar Avexte/ þar til ad Guds Riike kiemur. Og hañ took Brauded/ Gierde þacker/braut þad/gaf þeim og sagde: Þetta er mitt Lykame/ Sa sem fyrer ydur giefeñ verdur. Gierred þetta i mina Minning. Lyka eirneñ og Kaleikeñ epter Kvolldmaaltiidena/ og sagde: Þesse Kaleikur er nytt Testamentum i minu Bloode/ hvert ed fyrer ydur Blelleſt.

Á Længa Fridag
Er Lesen Pynningar Historian.
Á Paska Dagen.
Collecta.

Almattuge/Eilifze Gud/sem oss hefur opnad og upplæted Ingang til þess Eilifa Lifs/ fyrer Dyrdarfulla Upprisu þyna Eingietens Sonar JEsu Christi. Vier bidium ad vor Ville og sw Gyrnd til hins goda/ sem þu sialfur myskunsamlega hefur med oss uppbyriad mætte þan Framgang/ og aukest i øllum Hlutū/ epter þvi sem þier Velþoknast. Fyrer þañ sama/ erc.

Pistillen 1. Cor. 5. Cap.

Kiærer Brædur. Fyrer þvi hreinsed i burt hid gamla Surdeiged/so ad þier

sieud

sieud nytt Deig / lyka so sem þier erud Dsyrder. Þviad vort Þaska Lamb er Christus/fyrer oss offradur. Fyrer þvi hølldum Nakydena / eige i gomlu Surdeige/eige helldur i Surdeige Vondskuñar og Illskuñar. Helldur i sætu Deige Skyrleiksins og Sañleiksins.

Evangelium Marc. 16. C.

Og þa ed Þvottdagureñ var umlidenn/keyptu þær Maria Magdalena/ og Maria Jacobi og Salome / Dyrleg Smyrsl/ad þær kiæme og smyrde JEsum. Og miog snemma Morguns eirn Þvottdagaña/ komu þær til Grafareñar uñ Soolar Vppruna. Og þær sogdu sin a milli : Hver mun vellta fyrer oss Steinenum af Grafar-Munanum? Og sem þær litu þangad / sau þær ad Steinneñ var afvelltur. Eñ hañ var ad sonnu mykell. Og þær geingu in i Grefena/og sau eitt Ungmenne sitia til hægre Hlidar/skrydduñ sydu Klæde hoyru / og þær urdu Ottaslegnar. Eñ hañ sagde til peirra : Eige skulud

þier hrædast. Þier leited ad hinū Krossfesta JEsu af Nazareth/ hann er upprisenn/og er ecke hier. Sianed þann Stad hvar þeir løgdu hann. Helldur farid þier burt/og seiged hans Læresveinum og Pedre / þad hann mune gaanga fyrer ydur i Galilæam. Þar munud þier sia hann/ So sem hann sagde ydur.

Annan Dag Paaska.

Collectan.

HEyr GErra Gud/ sem a Paaskahatydeine hefur giefed Heimenū andlega Læknīng. Vier biddum: Læt þyna Himneska Giæzku pullgiefast med oss/so vier mættū þar pullkomlega Frelsi/og þo betra oss til eilyfs Lyfs. Fyrer etc.

pist. i Giørn. Book. post. to. C.

I þann Tyma. Lauk Petur upp sinn Mun og sagde. Nu reyne eg i Sannleika / þad ecke er Mannagreinarmunur hiā Gude / helldur hver hann Ottast a medal alls Folks/ og giorer Riettvisena / sa er honum þeckur. Hvad hann kunngiort hefur Sonum Israels / bodande þeim Frid fyrer JEsum Christum(hvor ad er DRotten allra)þier vited hvad skied er i øllu Gydinga Lande / og

og fyrst hoofst upp i Galilæa/ epter þa Skyrn sem Johañes predikade. Það Gud hefde smurt JEsum af Nazareth med Heilogum Anda og Krapte. Hvar ed umm krijng gieck og giorde gott/ og gredde alla þa / sem af Diofienum voru underþryckter / þviad Gud var med honum. Og vier erum Vottar alls þess sem hann giorde a Gydingalande / og i Jerusalem / hvorn þeir afliifudu og hengdu uppa Tried. Þann sama upp vakte Gud a þridia Deige / og liet hann openberann verda/ eige allu Foolke/ helldur oss sem audur vorum hanns Vtvalder Vottar af Gude / vier sem atum og druckum med honum/ epter það hann var upprisenn fra þeim Daudu. Og hann baud oss ad predika Foolkenu/ og Vitne umbera/ það hann vare sa/ sem skickadur er af Gude/ Doomare Lifendra og Daudra. Af þessum bera aller Spamenn Vitne/ ad aller þeir sem a hann trua / skule fyrer hanns Nafn medtaka Syndanna Fyrergiefning.

Evangeltium Luc. 24. C.

I þaß Tyma. Og sia/ ad tveir af þm geingu a þaß sama Dag til nockurs Kauptuns / þad ed var fra Jerusalem sextiu Skeida rum/ ad Nafne Emaus. Og þeir voru ad tala um alla þa Hlute sem a millum/sem vid hofdu bored. Og þad skiede þa þeir ræddust vid/ og spurdust a sin a millum/ ad sialfur JEsus nalægdest þa/ og gieck jafnframt þm. En peirra Augu voru so halldeñ / ad þeir peckti hann ecke. Og hañ sagde til peirra: Hvad er þad fyrer Rædu sem þid hendled yckar a mille reikande/ z er ud hryggver þar af? Þa svarade einn er Cleophas var ad Nafne / og sagde til hañs: Ertu alleina so Framande til Jerusalem/ad þu veitst eige hvad a þessum Dogum þar ifie gierst hefur? En hañ sagde til peirra. Hvad er þad? Þeir sogdu til hañs: Þad/af JEsu af Nazareth/Hver ed var Spadooms Madur/ Mattugur i Verkum og Ordum/ fyrer Gude og allu Foolke. Hvernig ad vor-

er

er Høfudpresstar og Høfdingiar/ selldu hann i Fyrerdæmingu Daudans og Kross festu hann. Ef vier vonudum ad hann munde Endurleysa Israel. Og yfer allt petta er nu hiin pridie Dagur i Dag/er petta skiede. So og hafa skielft oss nockrar Kuinnur af oss til / pær ed arla hofdu hia Grofenne vered/og fun du ecke hans Lykama/komu og sogdu sig eirnenn hafa sied Englanna Sioner / peir sem seygia hann lifa. Og nockrer ut af oss geingu til Grafareñar/ z fun du eins lyka sem Konurnar hofdu sagt/ en hann sau peir ecke. Og hann sagde til peirra: O pier heimsker og treger i Hiarta / ad trua pvi ollu sem Spa menenner hafa talad. Hlauk Christur ecke petta ad lyda/ og ingange so i sinna Dyrd? Og hann took til fra Moyse og ollum Spaamonnum / og lagde ut fyrer peim allar Ritningar / pær af honum voru. Og peir tooku ad nalgast Kaup kuned pad peir geingu til/ Og hann liet pa sem vilde hann lengra ganga / peir

neyddu hann og sögdu: Vertu hiá oss Herra/ þviad Kvolldar tekur/og a Dag enn lidur. Hann gieck inn og var hia þeim. Og þad skiede/þa hann sat med þeim til Bords/ ad hann tóck Brauded/ blessade þad og braut/og riette ad þeim/þa opnudust þeirra Augu/ so ad þeir þeckttu hann/Og hann hvarf fra þeirra Augum. Og þeir sögdu sin a mille. Brann ecke ockar Hiarta i ockur/þa hann talade vid ockur a Veigenum/og ophade fyrer ockur Ritningarnar? Og þeir stoodu upp a somu Stundu/og sneru aptur til Jerusalem/ og fundu þa Ellefu samanvafnada/ og þa sem med þeim voru. Hvorier ed sögdu/ DRottenn er Sannarlega Vppriseñ/ og hefur birtst Simoni. Og þeir sögdu hvad giorst hefde a Veigenum/og hvornen þeir hefdu þeckt hann/ I þvi hann braut Brauded.

Þridia Dag Paska.
Collecta.

Almattugi Eilyfi Gud/ sem margfalldlega stadfestir og eykur Christnina/med nyum endurlegum Børnum i Trunne/Vier biddum/ ad aller þeir sem

ſem eru fyrer Sfurnena endurfædder / mattu liſa i Sambyckelegre Kuinnan Trwarfæſt i Skirtanu/og i einum breſtande Fiærlesta ſyn a mille Jnbyrdis/Fyrer hiſ Son/ etc.

Piſtillen i Giſrninga Book Vors. 11. C.

Á Peim Dogum/Stood upp Paulus/ og ſagde til Gydingaſa. Þier Mesk gooder Brædur / og þier Syner Abrahams Slektis / og þeir ſem ydar a millū Ottaſt Gud/ydur er þetta Hialprædis Ord ſendt. Þviad þeir ſem bua i Jeruſalem/ og þeirra Høfdingiar/ med þvi þeir þeckiu haſ ecke / nie Spamaſa Rædurnar(hværriar leſnar verda hvørn Þvottdag)hafa þeir med ſiūu Domi atkvæde uppfyllt. Og þo þeir finde aungva Dauda Sok med hønum/beiddu þeir af Pilato/ad haſ liete afliifa haſ. Eſ ſem hiſ hafde fullkomnad allt hvad af hønum var ſkrifad / þa tooku þeir haſ ofaſ af Trienu/og løgdu hiſ ofaſ i Grøfena. Eſ Gud uppvakte haſ fra Daudum / hvør og ſiedur er uīm marga Daga/ af þeim ſem med hønum foru af Galilea til Jeruſalem / hværier ad

eru

eru hans Boltar hia Fookfenu. Og vier bodum ydur thad Fyrerheit / sem til Fedra vorra er skied / ad thad sama hefur Gud uppfyllt vid oss theirra Sonu / I thvi ad hann uppvakte JEsum.

Evangelium Luc. 24. C.

I thann Tima. tha Læresveinarner voru nu ein ad tala umm thetta / stood sialfur JEsus midt i mille theirra / og sagde til theirra: Fridur sie med ydur. En their skielfdust og urdu hrædder / og meintu ad their sæe Anda nockurn. Og hann sagde til theirra: Hvar fyrer skielfest thier / og thvi koma slijkar thanckar i ydar Hiortus Sinned minar Hendur og minar Fætur / ad eg em thetta sialfur. Preifed a mier og skoded / thviad Ande hefur ei Hollo og Bein / so sem thier sinned mig hafa. Og tha hann sagde thad / synde hann theim Hendur og Fætur. Og er their trudu ein eige / fyrer Fagnadar Saker / og undrande thad / tha sagde hann til theirra: Hafed thier hier nockud Matarlegt? Og their løgdu fyrer hann Stycke af steiktum Fiske /

og

og Hunangs Seim. Oghann took pad og ät fyrer peirra Augum. Og hann sagde til peirra. Petta eru pau Ord/hvær eg talade til ydar / pa eg var enn nu hiä ydur/ pviad pad hlaut allt ad fullkomnast sem af mier er skrifad i Mosis Lög maale/og i Spæmanna Bökū og Psalmum. Pa opnade hann peirra Nugskot/so ad peir skildu Ritningarnar / og sagde til peirra. So er pad skrifad/og so byrtade Christo ad lida / og upp ad rysa a pridia Deige fra Daudum / og predika laata i sinu Nafne/ Idran og Fyrergiefning Syndanna a medal allra Pioda / upphefiande i Jerusalem. En ver pier erud Vottar allra pessara Hluta.

1. Sunnudag Epter Paska.

Collecta.

Almættuge Eilifve Gud/ Ver bidiū: veit pu oss/ ad ver sem halldeed hoppum pessa Paska Hatyd/ mættū pyter pyna Mæd/ Komast fra Syndarefiar prælDoome/ til pess Andlega Frelsis / og med riettre Trw og Christeleguū Kærleika pioona JEsu Christo/ pynum Elskulega Syne vorum Herra/ sem med pier/ etc.

Pist. S. Joh. 1. Pist. 5. C.

Kiærer

KJærer Brædur. Allt hvad af Gude er fædt / pad yfervinnur Heimen. Og vor Trua er Yfervinningen / hvor Verolldena hefur yferunnid. En hver er hann sem Verolldena yfervinnur / utan allein asta sa er truer ad JEsus er Guds Son? Pesse er hann / sa sem kiemur fyrer Vatn og Blood / JEsus Christus. Eige i Vatne allenasta / heldur i Vatne og Bloode. Og Anden er sa sem Vitne ber ad Anden sie Sannleikur. Pviad prir erv sem Vitnisburden giefa a Himne / Fadirenn / Ordid og Heilagur Ande / og pesser prir eru Ein. Og prir eru sem Vitnisburden giefa a Jordu / Anden / Vatned og Blooded / og pesser prir eru ein. Ef vier medtokum Manna sia Vitnisburd / pa er Guds Vitnisburdur meire. Pviad Guds Vitnisburdur er sa / pad hann hefur vitnad af sinum Syne. Hver hann truer a Guds Son / Sa hefur peinan Vitnisburden i sier.

Evangelium Joh. 20. C.

Og

Og ad Kvølde þesi sama Þvottdags/ þa ed Læresveinarner voru samaskomner/ad hyerium Dyrum fyrer Nrædslusaker vid Gydinga / Kom JEsus þar/og stood i Mided/og sagde til peirra/Fridur sie med ydur. Og þa hann sagde þetta / synde hann peim Hendurnar og sina Sijdu. Þa Læresveinarner gleddust vid/ad peir sau HErrann. JEsus sagde þa enn aptur til peirra: Fridur sie med ydur. Lijka so sem Fadirenn sende mig/so sende eg ydur. Þa sem hann sagde þetta / blies hann a þa / og sagde til peirra: Medtaked þier Heilagann Anda/ hvorium hellst þier fyrergiefed Syndernar / peim eru þær fyrergiefnar / og hvorium hellst þier aptur halded þær/ þa eru peim þær aptur halldnar. Enn Thomas einn af peim Tolf/sem kalladest Tvijbure / var eige med peim þa ed JEsus kom. Þa hiner adrer Læresveinarner sögdu til hans: Vier hofum sied HErrann. Þa hann sagde til peirra: Nema eg sime Nagla-Foren i hans

hans Hendum/ Og eg laate mitt Fingur i Naglaforeit/og eg legge mina Hond i hans Sidu/ þa true eg ecke. Og epter atta Daga voru eñ aptur hans Lærisveinar þar inne/ ꝛ Thomas med peim. Þa kom JEsus ad lyckt̃ Dyrũ/ stood i Mided ꝛ sagde: Fridur sie med your. Sidan sagde hann til Thomam: Rekk þin Fingur hingad/ ꝛ skoda mina Hendur/ lypt upp þine Hende/ ꝛ legg i mina Sidu/ og vert eige vantruadur/ heldur truadur. Thomas svarade ꝛ sagde til hans: Drottenn min ꝛ Gud min. JEsus sagde til hans: Af þvi þu saast mig Thoma/ truder þu. Sæler eru peir ed ecke sia/ og trua þo. Morg onnur Teikn gierde Jesus i augsyn sinna Lærisveina/ hver ad eige eru skrifud i þessare Book. En þetta er þvi skrifad/ so ad þier trued/ þ Jesus sie Christus Sonur Guds/ ꝛ ad þi' so truader/ hefdud Lyf i hans Nafne

II. Sunnudag Epter Paaska.

Collectan.

NAer Almættuge eilyfe Gud/ sem med hins Sonar Lægingu/ hefur uppreist þessan heim/ sem

sem fyrer Syndena var nidur sleigen og fallen. Vier biduñ/giefr þynum Rietta/Trwudum eilyfa Glede/ad lyfta sem þu hefur frelst oss fra Falle eilyfs Dauda / ad vier mættu so niota eilyfrar Glede/ fyrer þañ hin same/etc.

Pist. S. Pet. 1. Pist. 2. C.

Elskuleger Brædur. Þviad þar til erud þier kallader/med þvi ad Christur hefur eirnen lided fyrer oss / og oss til Epterdæmis læted/ ad þier skylduð so epterfylgia hans Footsporum. Hvor ed aungva Synd giorde / og eige heldur eru nein Svik funden i hans Munne. Hvor ed ecke Lastmællte þa honum var Lastmællt. Eige Ognade þa hañ leid. En ofurgaf þad honum sem rietta dæmer. Sa er sialfur hefur vorar Synder bored a sinum Lykama uppa Trienu / so ad vier i fra Syndunum dauder/lifdum Riettlætenu / fyrer hvers Beniar þier erud heilbrygder ordner. Þviad þier voruð so sem Villuræfande Sauder / En nu eruð þier umvender til Hyrders og Byskups ydvarra Sælna.

Evangelium Joh. 10. C.

I þaſi Tyma. JEſus ſagde til Gydingaſſa: Eg em goodur Hyrder. Goodur Hyrder giefur ſitt Lyf ut fyrer ſyna Saude, Eſi Leigulidenn og haſi ſem ecke er Hyrder/ hvørs ad Saudernir eru ecke eigenleger/ Haſi ſier Vlfenn koma/ og yfer giefur Saudena og flyr. Og Vlfurenn griſpur Saudena og ſundurdreifer þm: Eſi Leigulidenn flyr / af þvi ad haſi er Leigulide / og hyrder ecke umm Saudena. Eg em goodur Hyrder/ og eg þecke Mynna/ og eg þeckiunſt af mynum. Soſem þad Fadirenn þecker mig / og eg þecke Fodurenn / og eg legg mitt Lyf ut fyrer Saudena. Eg hefe og adra Saude/ ſem eige eru af þeſſu Sauda-Huſe/ þa byriar mier og hier til ad leida/ og þeir munu heyra mina Rodd. Og þar mun verda Eitt Sauda-Hus og Eirn Hyrder.

III. Sunnudag Epter Paſka.

Collectan.

HYr Almattuge eilyfe Gud / þu ſem tiest þitt Saſnleika Ljoos / byrer þeim: ſem viller vara/ ſo þeir mattu komaſt aptur a Saſnleikſins Veg. Vier bidium/ ad þu viller gieta ollum ſem eiknaſt Christner/ ad byrerlyta alla Hlute/ ſem

eru

eru i moote Christelegu Nafne / en epter ad fylgia heim Lutū sem thad heilaga Nafn pryda i Augliti DRotteña. Fyrer thū/etc.

pist. S. Pet. 1. pist. 2. C.

ALLra Kiæruſtu. Eg bid ydur ſem Framande og Vegfarendur / ad thier halded ydur fra Hollolegum Gyrndum/ hvørriar i giegn Sæluſſe ſtrijda. Og hafed gooda Vmgeingne a medal Heideña Piooda / ſo ad their ſem hallmæla ydur ſo ſem Illvirkium/ſiæe ydar Good verk/og dyrke Gud a Vitiumar Deige. Thar fyrer vered undergiefner allre Mañlegre Skickan/fyrer Herrans Sakir/ſie thad Konungenum/ſo ſem hinum ypparita/ eda Landſtioornurum/ ſo ſem af hønum ufſendum / til Hefndar yfer Illvirkiana/og goodum til Lofs. Thviad thad er Vilie Guds/ ad thier mēd goodū Verkum nidur thagged Dviturleik heimſkra Maña. So ſem Frelſingiar/og ecke ſo ſem hefdud thier Frelſed/ Illſkuñe til Yfirhylmingar / helldur ſo ſem Guds Thralar. Vetted Virding hvørium Mañe / Elſked Brædurnar / Ottaſt Gud /

Neidred Kongesi. Þier Þionustu-Folk/ vered Herrunum undergiefner med allre Ottaseme / Eige alleinasta goodum og spakferdugum/helldur eirnesi Sierlundudum. Því Þad er Naud/ef nockur fyrer Samvitskusiar Saker til Guds / þoler hid Illa/og umlyndur Þad Orietta. Því hvor Hroosan er Þad / ef ad þier fyrer Misgiordasta Saker Hnefa-Hogg lyded? Eda nær þier umlynded og þoled Rangende/ fyrer Velgiordasta Saker/ Þad er Naud hiá Gude.

Evangelium Joh. 16. C.

Jhann Tyma. Sagde JEsus til sina Læresveina. Jnnan lytels Tyma munud þier ecke sia mig / og þa eda Jnnan lytels Tyma munud þier eda sia mig apt ur / því eg fer burt til Fodursins. Þa sogdu sumer af hans Læresveinum syn a mille: Hvad er Þad/ad hann seiger til vor/Jnnan lytels Tyma munud þier ecke sia mig / og þa eda Jnnan lytels Tyma munud þier eda sia mig aptur/því eg fer til Fodursins? Þa sogdu þeir/hvad er

Þad

þad hann seiger oss/ Innan lítels Tíma: Vier vitum ecke hvad hann seiger. Þa formerkte JEsus ad þeir villdu spyria hann ad/og sagde til þeirra: Þier spyrieid ad þessu ydar a mille/ þad eg sagda/ Innan lítels Tíma munud þier ecke sia mig/ og þa aptur Innan lítels Tíma munud þier sia mig. Sannlega/Sannlega seige eg ydur. Þier munud syta og græta / En Heimurenn mun fagna/ og þier munud hryggver verda / En ydar Nrygd skal snuast i Fagnud. Ein Kona nær hun skal fæda/ þa hefur hun Nrygd/ þviad hennar Stund er komen. En þa hun hefur Barned fædt / minnest hun ecke þess Narmkvælis fyrer Fagnadar Saker/þviad Madur er i Heimenn boren. Og þier hafed nu ad sonnu Nrygd / En eg skal sia ydur aptur/ og ydart Hiarta skal fagna / og ydvarn Fagnud skal eingenn af ydur taka. A þeim Degi munud þier mig og Einskis spyria.

A þenn Almennelega Bæna Dag.

Collecta.

O Naduge Gud/ Myskunsame Kiære Fader/ J hia hoyrium ad er mikel Fyrergiepning/ og giarnan visst myskuna þig yfer alla þa/ sem giøra sina sana Ydran fyrer Syndena. Yfer bidium þig hiartanlega allra kiæraste goode Fader/ Forlat/ Forlat oss allar vorar Synder/ og gief oss þæna Nad/ ad vier aller sem vkøllum þitt Nafn/ mættum i Dag og alla Tyma/ Vyrda þra øllu Rænglæte og allre Synd/ og ad øllu vorn hiarta so umvendast til þyn/ ad vier Daglega fyrer Krapt þyns Anda/ þiñunste rietteskickader i Trvñe til þyn z hlydneñe/ alltyd uppfyllter med riettum Ydrunar og Vmvendingar Avøxtum/ uppa þad/ nær vier so i eirnre riettre Trw og Trauste/ vitium þyn og vkøllum þig/ ad vier þa mættum þiña þem sem eirn Naduganñ Gud z Fødur/ Og i allre vorre Naudsyn vera visser umñ þyna naduga hiælp z Blessan/ Bøde til Lyfs og Sælar/ Jñ til hess vier umñ syder fyrer þyna Nad/ mættum verda eilyflega Saluhoolpner. Fyrer þiñ kiæra Son vorn DRotteñ z Frelsara JEsum Christū/ etc.

Pistillen/ Esaiæ 55. Cap.

LEited DRotteñs a medañ hañ er ad finna/ Kalled a hañ a medañ hañ er Nælægur. Sa hiñ Ogudlege late af synum Veige/ og Illvirkeñ af siñe Nytan og snue sier til DRotteñs/ þa mun hañ Myskuna honum/ Og til Guds vors/

vors / Þviad i hiá honum er mykel Fyrergiefning.

Evangelium Matth. 3. C.

GO Giored Verdugaſt Avext Ydran eſte. Og þeynked ecke ad þier villdud ſeigia med ſiaalfū ydur/ Abraham hofum vier fyrer Fodur. Eg ſeige ydur / megkugur er Gud ad uppvekia Abraham Sonu af Steinum þeſſum. Af þvi nu er Øxeñ alla reidu ſett til Rooter Trianña/ Þvi nuin hvert þad Tre/ ſem ecke gierer goodaſt Avext / Upphøggvaſt og i Eld kaſtaſt.

IV. Sunnudag Epter Paska.

Collecta.

HEyr Almattugr eilyfr Gud / ſem latur alla þyna Rettchriſtna vera ſampycka i Hug og Vilia/ Vier bidiū/ lat þitt Folk þad eina Vilia/ og þad eina elſka ſem þu bydur/ og þad eina girnaſt ſem þu loſar/ uppa þad ad vor Hiørtu/ ſem eru ſtødd i þallvaltre Veru þeſſa Heims/ mættu þar vera ſtadfeſt / þar ſem er ſann ſaela Glede og Fognudur / Fyrer etc.

Piſtillen S. Jacob. 1. C.

EKſkuleger Brædur. Oll good Gioef og oll fullkomen Gioef er ad ofan/ nidurſtiggande fra Fodur Ljoſanna/ hia

hvorium ecke er Umskipting nie Umbreitingar Skugge. Þviad hann hefur gieted oss epter sinne Vilia fyrer Sannleiksins Ord/ ad vier steum grunnburdur hans Skiepnu. Fyrer þvi Fraedur mijn er Elskuleger/ sie hvor Madur fliotur til ad heyra/ en tregur til ad tala/ og til Reide tregur. Þviad Manns Reide verkar ecke Guds Riettlæte. Þar fyrer aflegged allan Ohreinleik og Nægd Illskuar / og medtaked Orded med Noegværed / þad i ydur er Rootsett / hvad ed ydar Sæler kann hiælplegar ad giora.

Evangelium Joh. 16. C.

I þann Tima. JEsus sagde til sinna Læresveina. Nu fer eg til hans sem mig sende / Og eingenn af ydur spyr mig ad/ hvert fer þu? Helldur af þvi ad eg talade þetta til ydar/ þa uppfylltest ydar Hiarta af Nrygd. En eg segge ydur þo Sannleiken/ ad þad batar ydur/ ad eg fare hiedann. Þvi ef ad eg fer ei i burt hiedann/ þa kiemur eige Huggarenn til ydar. En ef eg fer i burt hiedann/ mun eg

senda

senda hann til ydar. Og þa ed hann kiemur / mun hann straffa Heimenn um Syndena / og um Rietttlæted/og um Doomenn. Um Syndena ad sönnu/af þvi þeir trua ecke a mig. En um Rietttlæted/þviad eg fer til Fodursins / og epter þad siæed þier mig ecke. En um Doomenn/þviad Hofdinge þessa Heims er dæmdur. Eg hefe enn nu margt ad segia ydur/ en þier kunnid ad sinne ecke bera þad. En nær ed sa Sannleiksins Ande kiemur / þa mun hann leida ydur i allan Sannleik. Þviad hann mun ecke tala af sialfum sier / heldur hvad hann heyrde/mun hann tala/og hvad epterkomande er/þad mun hann kunngiora ydur. Hann same mun giora mig Dyrdlegann / Þvi ad af minu mun hann þad taka/og kunngiora ydur. Allt hvad hellst Fadirenn hefur/ þad er mitt. Þar fyrer sagda eg ydur/ad af minu mun hann þad taka/ og kunngiora ydur.

V. Sunnudag Epter Paska.

Collecta.

HEyr Almattuge eilyfe Gud/ sem ert Upphaf alls Goods/ og ad Hoefdum aller Hlutter

gooder koma/ veittu þynū audmiukū Christnū Mønnū/ ad vier mættum eyrer þin Jūblæstur/ hugsa þa cina Hlute sm rietter eru/ z þad sama ad pylla z þrāūkvæma med Verkunū/ Fyrer etc.

pistillen S. Jacob 1. C.

KJærer Brædur. Vered Giorendur Ordsins/ eñ ecke alleinasta Tilheyrendur/ hvar med þier stælfa ydur a Talar draged. Þviad ef nockur er Ordsins Tilheyrare/ eñ ecke Giorare/ sa er lykur þeim Manne/ sem fyrer sier virder sijna medfædda Asionu i Speigle. Þvi epter þad hñ hafde skodad sig/ gieck hñ burt/ og jafnsnart gleymde hann hvorneñ hñs Yferlikur var. En sa sem skignest iñ i þad algiorda Logmal Frelsesins / og stadnæmest þar iñe/ og er ecke forgleimandilegur Heyrare/ heldur Giorningsins Giorare/ sa same mun hiælplegur i sijnu Verke. Og ef nockur a medal ydar lætur sier þykia/ ad hann sie Gudrækeñ/ og temur ecke sijna Tungu/ heldur forviller sitt Hiarta/ þess Gudrækne er Hiegoome. Hñ skiær og Ofleckud Gudrækne fyrer Gude Fodur / er þesse / ad vitia

vilia Ekka og Fodurleysa i peirra Nærmung / Og sig skalfan ad geyma flecklausan fra Heime pessum.

Evangelium Joh. 15. C.

DEs JEsus sagde til sina Lærisveina. Sannlega/Sannlega segge eg ydur/ Nvørs pier bidied Fodurenn i minnu Nafne/ pad mun hann giefa ydur. Hingad til hafed pier einskis bedet i minnu Nafne. Bidied/ pa munud pier medtaka/ so ad ydar Fognudur sie fullkomlegur. Petta hef eg talad i Drøskvidum til ydar/ Sa Tyme kiemur ad eg tala eige leingur i Drøskvidum til ydar / helldur mun eg kunngiøra ydur openberlega af minnum Fodur. A peim Degi munud pier og bidia i minnu Nafne. Og eige segge eg ydur / ad eg mune bidia Fodurenn fyrer ydur / pviad sialfur Faderenn elskar ydur/ af pvi pier elsked mig / og trued pad eg sie af Gude utgeingenn. Eg em af Fodurnum utgeingenn/ og komenn i penann Heim/ Eg fyrerlæt og aptur penann Heim / og fer til Fodurins. Og hanns

Læri-

Læresveinar seigia þa til hans. Sia/ nu talar þu berlega / og mæler aungva Dræskvidu. Nu vitum vier ad þu veitst alla Hluke / og þu þarft ecke ad nockur spyrie þig. Fyrer þad truum vier/ ad þu siert af Gude utgeingenn.

Á Uppstigningar Dag.

Collecta.

HEyr Almættuge/Eilyfe Gud/ Vier biduim/ Veittu oss/ ad vier sem trewū þ þū eingetenn Sonur JEsus Christur sie uppstiginn til Himna/ og sitie til þīnar hægre Handar/ og sie vor Arnadar Madur / og Verndare/ad vier og so mættum hia hønum bwa og vera i voru Hiarta og Hugskote. Fyrer/ etc.

Pist. i Giör. Book. Post. 1. C.

HJā Fyrra Bookmæla gierda eg ad sønu/um allt þad/O Theophile/sem JEsus hoof upp ad giora og kiena / allt til þess Dags er hann vard uppnum en/epter þad hann hafde fyrer Heilagan Anda kunngiort Postulunum / hvoria hann hafde og utvaled/hvernū hann tiæde sialfann sig lifande epter Pīnu sīna/ med margh ættudum Bevisingum/og liet þa sia sig um Fiorutīge Daga/talande vid þa um Guds Rike. Og sem hann hafde

samanit

samansafnad þeim/ baud hann þeim ad þeir fære eige ut af Jerusalem/heldur ad þeir skyldu bída epter Fyrerheite Fodursins/hvørt þier(sagde hann)haf-ed af mier heyrt. Þvtad sannlega skyrde Johannes med Vatne/en þier skulud med Heiløgum Anda skyrder verda / Eige langt epter þessa Daga. En þeir sem þar til samans voru / spurdu hann ad / seigiande: Herra/Villtu nu a þessum Tyma upprietta Israels Ryke: En hann sagde til þeirra. Þad er eige ydvart ad vita Stunder edur Hentugleika Tyma-ana/hvørta Fadereñ sette i sialfs sins Valde/heldur munud þier ødlast Kraft Heilags Anda/þess er yfer ydur mun koma/ og þier skulud minner Vottar vera til Jerusalem / og i øllu Gydinga Lande og Samaria/og allt til hins yfsta Jardar Enda. Og er hann hafde þetta sagt/vard hann þeim asiaendum uppnumeñ/og Skyed took hann i burt fra þeirra Augum. Og þa þeir horfdu ept er honum uppstyganda til Himens/sia/

ad

ad tveir Menn stoodu hiia peim i hvitum Klædum/ hvorier ed sogdu. Pier Menn af Galilæa/ til hvers standed pier/ og horfed upp i Himenen? Pesse JEsus sem uppnumenn er fra ydur til Himens/ hann mun so koma/ Lyka sem nu sæud pier hann til Himens faranda.

Evangelium Marc. 16. C.

I pann Tyma. Er hann seinast er peir Ellefu satu til Bords/ Openberade hann sig/ og avitade peirra Vantru og Hiartans Hardud/ pad peir hefdu eige trud ad peim/ sem hann hefdu sied uppriseñ. Og hann sagde til peirra: Farid ut um allan Heimenn/ og prediked Evangelium allre Skiepnu. Hver hann truer og verdur skirdur/ skal hoolpenn verda. En hver eige truer/ sa skal fordæmdur verda. Ens Teikneñ er peim munu fylgia sem trua/ Gru pesse. I minu Nafne skulu peir Diofla utreka/ Nyar Tungur Tala/ Ny eggorma upptaka. Og ef peir drecka nockud banvænlegt/ pa skal pad peim ecke granda/ yfer Siuka munu pr Hend-

ur

ur leggia/ og þa mun þeim batna. Og epter þad ad DRottenn JEsus hafde talad vid þa / vard hann uppnumenn til Himens/ og situr til Guds hægre Handar. En þeir geingu ut og predikudu allstadar DRottne samverkanda / Og Orded styrkianda / Med epterfylgiande Teiknum.

VI. Sunnudag Epter paska.

Collecta.

HEyr þu Almættuge/Eilifze Gud/ lættu oss jafnan hafa eitn Guddomlegann vilia til þinn/z þioona þinu Velilde med hreinu hiarta. Fyrer þann sama þinn Eingetenn Son/ etc.

1. Pet. 3. pet. 1. pist, 4. C.

ELskuleger Brædur. Fyrer því vered Forsiomler og Arvakrer i Bæna Akall enu/ ess um fram alla Hlute/ þa hafed breñande Kiærleika Innbyrdis. Þviad Kiærleikurenn hylur Fiolda Syndanna. Vered Giestrisner Innbyrdis an Møglunar. Hvor epter þeirre Nad sem hvr hefur odlast/ þa sie odrum þioonande/ so sem gooder Vm.hodsmenn margfalldrar Guds Nadar. Ef nockur talar/ hann tale þad so sem Guds Ord. Og ef nock

ur

ur þioonar/hafi þioone epter þm Krapte sem Gud giefur. So ad i ollum Hlutum verde Gud dyrkadur/ fyrer JEsum Christū/ hvorū ad er Dyrd og Vallde/ um Allder Allda / Amen.

Evangelium Joh. 15. og 16. C.

Af þeim Tyma. JEsus sagde til sinna Læresveina. Ef þa ed sa Huggarenn kiemur/hvorn ad eg mun senda ydur af minum Fodur / sem ad er Sannleiksins Ande / hvor af Fodurnum framgeingur / hann mun bera Vitne af mier / og þier munud mier Vitne bera / þviad þier hafed i fra Upphafe hia mier vered. Ef þetta hefe eg talad þvi til ydar/so ad þier hneixlest ecke. Þviad þeir munu forbeda ydur/og sa Tyme kiemur/ad hver hann Lyflætur ydur/sa meinar sig ad giora Gude þægt Verk. Og þetta giora þeir ydur/af þvi þeir þecktu hvorke Fodurenn me mig. Ef þetta tala eg þvi til ydar/ad nær ed su Stund kiemur/ad þier minnest þess/ ad eg sagda ydur þad. Ef þetta sagda eg ydur eige

i Upp-

i Upphafe / þvi eg var hiá ydur.

Á Hvitasunnu Dag.

Collecta.

ad þad sama Veg/ og er hann leit hann/ gieck hann fram hia honum. Slikt hid sama Leviten/ þa hann kom nærre þeim Stad/ og sa hann/ gieck hann þar fram hia. En Samverskur Madur nockur foor um fareñ Veg/ kom þar nærre honum/ og sem hann sa hann/ þa hrærdest hann af Myskun vid hann/ og gieck ad honum/ batt um Sar hans/ hellte þar i Vidsmiore og Vijne/ og lagde hann uppa sitt Eyk/ og flutte til Herbergis/ gaf og Giæfur ad honum. En annars Dags þar epter þa hann foor i burt/ took hann upp tvo Peninga/ og fieck Husbuandanum/ og sagde til hans: Haf þu Gat á honum/ og hvad þu leggur meira ut/ þad skal eg borga nær ad eg kiem aptur. Hver er þeirra þriggia synest þier vera þess Naunge/ sem hrasadur var a medal Ræningiana? En hann sagde. Sa sem gierde Myskunar-Verked a honum. Jesus sagde til hans: Far þu og gior slikt hid sama.

XIV. Sunnudag Epter Trinitatis.

Coll.

Collecta.

Almættuge Eilyfe Gud / sem ad vardveiter thyna halaga Christna med thiñe Eilyfre Myskun / ad thvi ad ann thyn pellur Manlegur Veikleike / Vier bidium / lat hana fyrer thyna Hialp leidast vrg thvi sem heñe er Skadsamlegt / til thess sem heñe er Gagnlegt og Heilsusamlegt / Fyrer vorn / etc.

Pistillen til Gal. 5. Cap.

Elskuleger Bradur. Eñ eg seige ydur / Ganged i Andanum / þa munud þier ecke fullkomna Gyrnder ydars Nolds / þviad Nolded gyrnest i moote Andanum og Andeñ a mote Nolldenu. Og þess er eru hvor i moote odrum / so ad þier giored ecke hvad þier vilied. Eñ ef Andeñ stioornar ydur / þa erud þier ecke und er Logmælenu. Þviad Nolldsins Verk eru opeñber / sem ad eru Hoordoomur / Frillulifnadur / Ohreinleike / Lausung / Skurgoda Dyrkan / Fiolkinge / Fiandskapur / Natur / Agg / Reide / Þræta / Sundurþickia / Tvydrægne / Aufundskapur / Manndrap / Ofdryckia / Ofneyksla og þessum lykt. Vt af hverium eg hefe ydur fyrre sagt / og seige eñ nu / ad

þeir sem slękt giora / Erfa ecke Guds Ryke. Eſi Avoxtur Andans er Kiarleike/ Fognudur/ Fridur/ Polesimæde / Blydleike/ Goodgyrne/ Tru/ Hoogværd/ Bindinde. I giegn slęku er ecke Logmæled. Eſi þeir sem Christo tilheyra/ þeir Krossfesta sitt Hold med Gyrnduni og Tilhneigingum.

Evangelium Luc. 17. C.

I þaſi Tęma. Og þad skiede so þa ed JEſus gieck til Jerusalem/ad hann ferdadest i giegnum midia Samariam og Galilæam. Eſi sem hann gieck inn i nockurt Kaupkun / mættu honum Tiu Lękprœer Menn/hvorier ad stoodu langt fra/hoofu sinnar Radder/og sogdu: JEſu goode Meistare/ Myskuna þu oss. Eſi sem hann leit þa / sagde hann til peirra: Farid þier og synid ydur Kiesiemonnum. Og þad skiede so/þa er þeir geingu þad ann/ad þeir urdu hreiner. Eſi Einn ut af þeim / nær hann sa þad ad hann var heilbrigdur vordenn / snere hann aptur / Lofande Gud med hœrre Rausk / fiell fram

fram a sijna Astoonu fyrer Fætur JEsu / giorande honum Þacker / og þesse var Samverskur. Eñ JEsus svarade og sagde: Nvort voru ecke Tiju hreinsader? Eñ hvar eru hiner Nijv? Aungver fundust þeir aptursnere ad giefa Gude Dyrdena/ Nema þesse Vtlendingur? Og hañ sagde til hans: Statt upp og far hiedañ / Þviad þijn Tru giorde þig Hialplegañ.

XV. Sunnudag epter Trinitatis.

Collecta.

HEyr oss Gud/ Vier bidium / Lat þijna þuglega Myskunsemi hreinsa og verenda þijna almennelega Christne/ og af því hun ann þijn ei kann ad verda hoolpen/ þa lattu hana med hiner Naad og Gæsku jafnañ stiornast / Fyrer/ etc.

Pist. til Gal. 5. og 6. Cap.

Elskuleger Brædur. Ef vier lifum i Andanum/ þa gaungum og so eirneñ i Andanum. Verum ecke ægiarner Nie-gooma Dyrdar/ hvor añan Inbyrdis ad æreita og Ofunda. Kiærer Brædur / Ef ad Madur verdur i einhverin Brest yfer fallen/ þa leidrietted hann med hoog værum Anda/ þier sem erud Andleger /

Og haf Gat a sialfum þier / ad þu verder ecke freistadur. Eirn bere annars Byrde/og so munud þier uppfylla Christi Logmal. Ef ef Einhvor lætur sier þykia þad hann sie nockud/þar hann er þo eckert/ Sa tæler sialfann sig. Hvor og eirn reyne sinn eigenn Verk/Þa mun hann a sialfum sier einasta Hroosun hafa / Ei eige a odrum. Þviad hvor og eirn mun sinna Byrde bera. En sa ed uppfræddur verdur med Ordenu / hann hlyte hinum allshattudum Giædum sem hann uppfræder. Fared eige viller Vega/Gud lætur eige ad sier hæda. Þviad hvad Madurenn sæer nidur/þad mun hann uppskiera. Þviad hvor hann i sinnu Holldenidursæer/Sa mun af Holldenu Skadseme uppskiera. En hvor hann i Andanum nidursæer / Sa mun af Andanum uppskiera eilyft Lyf. Þreytunst vier ecke Gott ad giora/ Þviad a sinnum Timamunum vier uppskiera Þreitter. Þar fyrer a medann vier hofum Timann / þa giorum Gott hvorium Manne/ Eirnamest/

nest/þm sm̃ eru Truaretnar Heimkynne.

Evangelium Matth. 6. C.

Á þeim Tyma. JEsus sagde til sinna Lærisveina. Engen kan Tveimur Herrum ad þioona. Annadhvort hn̄ afræker þann Einn / og elskar hinn Annan/ eda hann adhyllest þann Einn / og fyrirlytur hinn Annan. Eige gieted þier Gude þioonad/og Mammona. Þar fyrer segge eg ydur. Vered eige Nugsiuker fyrer yduru Lyfe/hvad þier skulud Eta og Drecka / og eige helldur fyrer ydrum Lykama / hvørtu þier skulud Klædast. Eda er ecke Lyfed meir en Fædslan/og Lykam en meir en Klædnadurenn? Lyted a Fugla Himens / þeir ed hvørke sa nie uppskiera/Og ecke helldur safna þeir i Korn hlodu / og ydar Himneskur Fader hann fæder þa. Eda erud þier ecke miklu framar en þeir? En hvør ydar gietur med sinne Ahyggiu auked eirnre Alen vidsyna Leingd? Og hvar til erud þier Nugsiuker fyrer Klædnadenum? Hygged ad Akursins Lilliu-Grosum/ hvørnen þau

vaxa/ þau viſſa ecke nie ſpiſſa. Ēn eg ſeige ydur / þad Salomon i allre ſinne Dyrd / var eige ſo ſkrijddur ſem eitt af þeim. Og ef Gud klæder ſo Graſed þad ſem Dag er a Akre/og a Morgun verdur i Ofn kaſtad/ſkylldi hann ecke miklu framar þad ſama vid ydur giora/O þier Lijt eltruader! Þar fyrer ſkulud þier ecke Nugſiukir vera/ſo ſeigiande: Hvad eigum vier ad eta/eda hvad eigum vier ad dreckа/eda med hverriu eigum vier ad klædaſt? Þviad epter þeſſu ollu leita heidnar þiooder. Og ydar Himneſkur Fader/hann veit ad þier þurfed alls þeſſa vid. Þar fyrer leitid fyrſt Guds Rijkes / og ſo hans Rietflætes/og mun ydur allt þetta tilleggiaſt. Fyrer þvi ſkulud þier ecke Ahyggiu bera fyrer Morgun-Deigenum/þviad Morgun-Dagurenn mun fyrer ſialfum ſier Ahyggiu bera. Hverr dagur hefur nog ſijn þianing.

XVI. Sunnudag Epter Trinitatis.

Collecta.

NÆr Almættugi Kiærſte Gud/ vier biddium/ Lat þina Naad ætijd vera yfer oſs a Bak og Brioſt/

Briggast / Ga vier sieum þier Kiærleiga undervi
sleyner / og uppvek vor Hiørtu ad gyrnast þa
Naud / ad vier sieum Reidubuner til allra goodra
Verka / Fyrer / etc.

Pist. til Ephes. 3. Cap.

Elskuleger Brædur. Eg bid ydur þad
þier tregest ecke Saker minna Hørm
unga sem eg lijd fyrer ydur / sem ydar
Dyrd er. Þess vegna þa beyge eg mijn
Knie fyrer Fodur vors DRottens JEs
su Christi / af hvørium ad er allt þad
sem Børn kallast a Nimnū og Jørdu /
ad hann giefe ydur epter Rijkdoome sinar
Dyrdar ad styrkiast i Krapte fyrer hans
Anda i hinum inna Mann / ad Christur
fyrer Truna bygge i ydrum Hiørtum.
Og ad þier sieud Rootfester og Grund
vallader i Kiærleikanum / So þier mætt
ud handla med allum Nelgum / hvør ad
sie Vijdd og Leingd / Dypt og Næd. Og
ad vita eirnesi Kiærleikann Christs / sem
alla Þecking yfergeingur / so ad þier upp
fyllttust med allshættadre Guds Fillin
gu. Ef hønum sem mættugur er alla
Nlute yfergnæfanlegar ad giøra / helld
ur

ur eñ vier bidium/eda skilium/ epter þñ Krapte sem i oss verkar / þeim sama sie Dyrd i Sofnudenū/ sa i Christo JEsu er/um̃ allar Allder Allda/Amen.

Evangelium Luc. 7. C.

I þaū Tijma. Og þad skiede so epter þad/ad JEsus gieck til þeirrar Borgar sem kallast Naim / Og hans Lærisveinar geingu marger med honum / og mikell Fiolde annars Folks. þa er hann kom ad mœlœgiast Borgar-Hlided/Sia þu / þad Framlideñ Madur var horeñ ut/ einka Sonur sinnar Moodur/og hun var Ekkia / Og mikell Fiolde Borgar-Manna gieck ut med henne. Eñ þa ed Drottenn leit hana/ hrœrdest hann Myskunar yfer henne/og sagde til hennar. Grœt þu eige. Og hann gieck þar ad/ og mhrœrde Kistuna. Eñ þeir sem bœru stoodu vid. Og hñ sagde. þu Ungmenne/ Eg segie þier / Ris þu upp. Og sa settest upp sem Framlideñ var / og tok til ad mœla/og hann gaf hann aptur sinne Moodur. Eñ aller urdu Ottaslegner/ lofudu Gud

og

og sagdu: Spamadur mikell er a medal vor uppriseñ/ Og Gud hefur vitiad sijns Folks. Og þesse Saga barst ut af honum / umm allt Gydinga Land/og umm all kringumliggiande Hierød.

XVII. Sunnudag Epter Trinitatis.

Collecta.

HEyr mier Herra Gud / Vier biddum þig/ Veit þinu Folke ad þlyta Miskunsinne Aeggiun/ Eg þier einum saman af þreinu hiarta epter ad þylgia. Fyrer þinn/ etc.

Pistillen Ephe. 4. C.

Elskuleger Brædur. So manine eg ydur nu/ Eg Bandinge i Drottne/ ad þier ganged so sem verdugt er ydvarre Kallan/ þar þier erud inne kallader/ med allri Lijdelate og Hoogvard/og med þol emmode/og umlijded hver annan i Kærleika. Vered kostgiæfner ad halda Ein drægne i Andanum/fyrer Band Fridarens. Eirn Lijkame og eirn Ande/So sem þier erud kallader/ I eirnre Von/ ydrar Kallanar. Eirn Drottenn/ Ein Tru/ Ein Skirn/ Eirn Gud og Fader allra/ Sa sem ad er yfer ydur ollum / og medal ydar allra/og i ydur ollum.

Evan-

Evangelium Luc. 14. C.

Á heim Tyma. Og það skiede so að JESUS kom í Hus nockurs Phariseara Høfdingia á þvottdeige Brauds að neyta / og þeir høfdu Vardhallð á honum. Og sia þu / Að Madur nockur Vatnsstukur var þar frame fyrer hönum. Og JESUS andsvarade og sagde til Logspekingana og Phariseana / so segiande: Hvort leifest nockud að lækna á þvottdøgum? Eda þeir þøgdu við. Og hann took á honum / Læknade hann / og liet hann í burt fara / svarade og sagde til þeirra: Hvørs ydar Asne eda Naut sem fellur í Pitt / er það eige jafnsnart utdreiged á þvottdeige? Og þeir gatu honum aungvu þar til svarad. Eda hann sagde þessa Epterlikíng til þeirra sem bodner voru / þa ed hann merkte hvørneig þeir møttust epter hinum fremstu Sætum / segiande so til þeirra: Nær ed þu verdur bodenn af einhvørium til Brudkaups / þa set þig ecke í hid øðsta Sæte / kalli skie / það annar heidarlegre en þu / sie

bodenn

bodenn af hønum / og kome sa sem þier baud og hønum/ og seige til þin/ Gief þessum Rum / og hlooter þu þa med Kiærroda ad hafa hid ykstu Sæte. Nellduur so / nær ed þu verdur bodenn / þa far þu/og set þig i hinn ytsta Sess/so ad þa nær ed sa kiemur er þier baud / þa seige hann til þin/ Vinur/ þoka þier upp bekur. Þa mun þier Virding veitast hiia þinum Sessunautum. Þviad/ hvor sig sialfur upphefur / hann mun nidurlægiast / Og hvor sig Lytelæter / hann skal upphafenn verda.

A Michaelis Messu.

Collecta.

Almattugi/ Eilifi Gud / sem skapad hefur hina Heilægu Engla/ þinum Vernlidum til Styrktu og hialpar/ J moote margfalds Voda os hæskasemdum þessarar Veralldar. Vier biduum/ gief þu oss Nad til þess/ ad vier sieum þier þacklæter fyrer soddan Verku og alla adra Velgiærninga/ og veit oss ad vier med fine Nad/ verdum vardveitter fyrer þinna Engla/ þeim allum vondum hlutum/ og til alls þess sem þiet mæa þoknast. Fyrer/ etc.

Pist. i Wp. P. S. Joh. 12.

Á þeim Dogum. Og þar giordest Ertsa á Nimne / Michael og hans Englar

Englar bordust vid Drekann / Drekenn bardest og hans Englar / og yferunu ecke / og peirra Skadur vard ecke meir fundenn a Himne. Og sa mikle Dreke og hinn gamle Höggormur / sa sem ad heiter Diefull og Andskote / vard utsnaradur a Jordenna / hvor ed alla Jardar-Kringl una viller. Og hann vard utsnaradur a Jordenna / og hans Englar urdu eirnenn utsnarader. Og eg heyrde Rodd mikla af Himne segiande. Nu er Heilsa og Kraptur / Riske og Mattur / vors Guds vordenn hans Christs / med pvi utsnarade ur er Aklagare Brædra vorra / Sa ed pa aklagade fyrer Gude vorum Dag og Nætt. Og peir hafa hann yferunnet fyrer Lambsins Blood / Og fyrer Orded peirra Vitnisburdar / og peir hafa ecke elsk ad sitt Lif / allt til Daudans. Pat fyrer er glediest pier Himnar / og pier sem par inne bygged.

Evangelium Matth. ix. C.

I pann Tyma / Geingu Læresveinarner til JEsu / og sogdu. Hvor er mestur

i Himna-

i Himnariike? JEsus kallade eitt Barn til sijn/ og sette þad midt i millū þeirra og sagde: Sañlega seige eg ydur/ nema þier umsnuest/og giorest so sem Smæ-Børn/munud þier ecke iñganga i Guds Riike. Hvor sialfur sig lœckar so sem Yngmeñe þetta / sa er mestur i Riike Himnaria. Og hvor sem medtekur eitt þvilijkt Yngmeñe i minu Nafne / sa medtekur mig: En hvor hafi hneixlar eirn af þessum Smælingium sem a mig trua / þarfara være honum ad Mylnu-Steirn hengdest uñi hals / og være i Siofardiup sockur. Vei sie Heimenum fyrer Hneixlaner/ þar hlioo ta þo ad koma Hneixlaner / En vei þeim Mañe/fyrer hvorn ad Hneixlaneñ kiemur. En ef þijn Hond edur þitt Footur hneixlar þig / sijgd hañ af og snara honum fra þier. Betra er þier iñ ad gaanga til Lijfsins/ Halltur og Hand arvane/ En þad þu hafer tvær Hendur og tvo Fœtur/ og verder i eilijfañ Eld kastadur. Og ef Auga þitt hneixlar

þig / þa slyt þad ut og snara þvi frá þier / Betra er þier Ein-Eygdum inn ad gánga til Lyfsins / enn þad þu hafer tvo Augu / og verder i Helvytiskann Eld kast adur : Siáed til ad þier forsmaied ecke eirn af þessum Smælingium. Þviad eg seige ydur / ad Peirra Englar a Himnum / Sia jafnann myns Fodurs Anglit / sem er a Himnum.

XVIII Sunnudag Epter Trinitatis.

Collecta.

HEyr oss Herra Gud / vier biduim / lat þitt Myskunarverk stiórna vorum hiörtum. Þviad enn þyn mergd vier þier ei þocknast. Fyrer Jesu.

Pistillen 1. Cor. 1. C.

Elskuleger Bradur. Þacker giore eg Gude minum jafnann ydar vegna / fyrer þa Guds Nád sem ydur er giefenn i Christo JEsu. Þad ad þier erud i allri Nytum audugger ordner i honum / i allri Orde / og i allre Þekkingu / epter þvi sem sa Vitnisburdur JEsu Christi er stadfastur ordenn i ydur. So ad þier hafed aungvann Brest i nockre Giof / epterbyd-ande Anglyfingu vors Drottens JEsu

su

su Christi / hvar ed og mun til Enda stadfesta ydur Ostraffanlega til Dags sins DRottens vors JEsu Christi. Þviad Gud er trur/fyrer hvørn ad þier kallader erud til Samlags Sonar hans JEsu Christi vors DRottens.

Evangelium Matth. 22. C.

I þann Tyma. Þa Pharisæarner heyrdu þad / ad hann hafde nidurþaggad þa Saducæos/ samanssøfnudust þeir i eitt. Og einn Løgvikringur af þeim spurde hann ad/freistade hans og sagde: Meistare/hvørt er hid hædsta Bodord i Løgmælenu? En JEsus sagde til hans: Þad/ ad þu skallt elska DRotten Gud þinn / af øllu Hiarta þínu / og af allre Aundu þinne/og af øllu Hugskote þínu. Þetta er hid Fyrsta og Stædsta Bodord. En hitt Annad er þessu lykt/ þad/ ad elska skallttu Næunga þinn so sem sialfann þig. I þessum Tveimur Bodordum er innebunded allt Løgmal og Spamannanna. En þa Pharisæarner voru so til samans komner/spurde JE-

sus þa ad og sagde: Hvad virdest ydur um Christ / hvors Son hann sie? Þeir segdu honum/ Davids. Hann sagde þa til þeirra: Hvørneg kallar David hann þa i Anda eirn Herra? þar hann seiger: DRottenn sagde minum DRottne. Sit þu mier til Hægre Handar/ þangad til ad eg legg Ovine þijna Skør Foota þinna. Nu ef David kallar hann eirn Herra/ hvørneg er hann þa hans Sonur? Og engenn gat svarad honum einu Orde. Og eige dyrfdest nockur upp fra þeim Deige/ Hann framar ad spyria.

XIX. Sunnudag Epter Trinitatis.

Collecta.

HÞyr Almattuge og Myskunsame Gud/ vtvi birg þu Myskunsamlega alla þa hlute sem ad oss eru mootstxdeleger/ so ad vier liduger i Sal og Lijse/mættu. i þeim hlutū sem hier til heyra/med Lostugū huga og hiarta/ hier Epter erpylgia og þocknast. Fyrer JEsum/ etc.

Pistillenn Ephe. 4. C.

KJærer Brædur. Aflegged fra ydur epter fornre Breitne hinn gamla Mann enn fordiarfadann i Gyrndum Villudomsins. Enn Endurnijest i Anda ydars Hug

skols/

skoks/og Iklædest þeim nÿa Manne/sem eptter Gude er skapadur i Rietttlæte og Neilagleika Sannleikans. Þar fyrer aflegged Ligar/ og taled Sannleik/hvor og eirn vid sinn Næunga / þviad vier erum Jnnbyrdis hvor annars Limir. Reidest og syndgest ecke. Læted ecke Soolena und ergænga yfer ydarre Reide. Giefed og ecke Rum Djoflenum. Hvor stoled hefur/ Sa stele ei meir/ hellour Erfide og Afle med Hendunū þad Gott er/So ad hann hafe ad giefa þeim sem þurftuger eru.

Evangelium Matth. 9. C.

Jþann Tyma. JEsus stie a Skip/ foor hann yfer umm aptur/og kom i sÿna Borg. Og sia/ad þeir færdu til hans Limafallssiukann Mann/þann er læ i sinne Reckiu. Ēn þa JEsus leit nu þeirra Tru/sagde hann til hins Limafallssiuka. Vertu Nughraustur Sonur / þÿnar Synder eru þier fyrergiefnar. Og sia/ad nockrer af Skriptlærdum sögdu med sialfum sier. Þesse Gudlastar. Og sem JEsus sa þeirra Nugreinningar / sagde

hann. Hvar fyrer huxe þier so vondt i yd rum Hiartum? Hvort er audvelldara ad seigia/ þier eru þynar Synder fyrergiefnar? Ellegar ad seigia / Stattu upp og gack? En so ad þier viteð/ þad Mannsins Sonur hefur Magt a Jordu til ad fyrergiefa Syndernar/ (þa sagde hann til hins Limafallsfluka.) Stattu upp / tak i burt Sæng þyna / og gack i þitt Hus. Og hann stood upp/ og foor i sitt Hus. En þa Folked sa þetta/ undradest þad / prijssande Gud / Sa ed þvilijka Magt hefde Mønnunum giefed.

XX. Sunnudag Epter Trinitatis.

Collecta.

NEyr Herra Gud/ vier biddum/ veittu mildelega þynum Trulyndum Lyfn og Hiælp/ so ad bædi hreinsest þeir af synum Syndum/ og med hreinu hiarta þier þioone. Fyrer hann/ etc.

Pistillen Ephe. 5. C.

BRæder Brædur. Sied so til/ ad þier gænged forsialega/ Ecke so sem Fæviser/ helldur so sem Visser. Taked Vara a Tymanum/ þvi þad er vond Tijd. Fyrer þvi vered ecke Oforsialer/ helldur skiliande hvar ad sie Vilie Drottens.

Og

Og drecked ydur ecke Vin-druckna/ pvi par af kiemur saurugt Lyfferne. Heldur uppfyllest med Anda/ og kaled hvor vid annan af Psalmum og Loffaungvum/ og Andlegum Kvædum/ Syngiande og Spil ande Drottne i hiortum Yckrum. Og giored Packer alla Tyma Gude og Fod ur fyrer alla Nute/ I Nafne Drotts ens vors JEsu Christi. Og verid hvor ordrum undergiefner i Guds Otta.

Evangelium Matth. 22. C.

Á peim Tyma. JEsus svarade og talade i annad Sin i Epterlikingum til peirra/ og sagde: Himnarike er likt peim Konge/ sem Brudkaup gisrde Syne synum. Og utsende sina Pioona ad kalla Bodsmenenn til Brudkaupsins / og peir villdu ecke koma. I annad Sin sende hann ut adra Pioona / og sagde: Seiged pier Bodsmonnum. Sia med / Mina Maltid hefe eg tilbued/ Myner Oxar og aled Fie er slatrad/ Og allt er Reidubued / Komed til Brudkaupsins. En peir forsmadu pad og gengu i hu-

rt/ Eirn a sin Bugard/ en Annar til sin ar Verdslunar/en hiner adrer gripu hins Pioona/ og logdu heim Nædungar til/ og drapu þa. En þa Kongurenn heyrde þetta / Vard hann reidur / Og sende ut sitt Herlid/ og fyrerfoor þessum Mordingium / Og brende upp þeirra Borg. Þa sagde hann til sinna Pioona : Brudkauped er adsønu Reidubued/en þeir sin bodner voru/ þeir voru þess ei verduger. Þar fyrer fared ut a Gatnamooten / og biooded til Brudkaupsins hvorium sem þier fined. Og hanns Pioonar geingu ut a Strætenn/og samanssofnudu ollum þm sem þeir fundu/Vondu z Goodum. Og Brudkauped vard fullt med Bordsett Foolk. En þa ed Kongurenn gieck in ad sia þa sem til Bordsins sætu / Sa hann þar eirn Mann / eige klæddann med Brudkaups Klæde. Og sagde til hanns: Vinur/hvørnenn gieckstu in hyng ad/hafande ecke Brudkaups-Klæde? En hann þagde. Þa sagde Kongurenn til sinna Pienara. Binded hanns Hendur og Fæt-

ur/

ur/og kasted honum ut i hin ysstu Myrkur / par ed vera mun Dop og Tanna-Gnýstran. Hviad Marger eru kallader/ Ef fæer Hvalder.

XXI. Sunnudag æpter Trinitatis.

Collecta.

HEyr Herra Gud/ eder bidium/ vardveit thin Lyd med jafnlegre Myskun thine/ og ad hann mætte fyrer hyna Hlyted verda thiggis thra øllu moo-stodelegu Hlutum / Og i goodu Framferde hynu Nafne thuglega thioona/ Fyrer/ etc.

Pistill a til Ephes. 6. C.

EFskuleger Brædur. Styrkest i Drottne/og i Mætte hans Krapter. Iklæded ydur Guds Alvepne/so ad thier gieted stadeo i giegn Vinsælum Diofulsins. Hviad vier hafum eige vid Hold og Blood ad beriast/helldur vid Hofdingia dæme og Magtarvelde/ Vid Drottna Veralldareinar/vid Myrkrana Stioorn endur pessa Heims/vidur Illsku Anda i Loptenu. Par fyrer taked Alvepne Guds uppa ydur/so ad thier gieted Mootstodu veitt a theim vonda Deige / Og allt vel framkvæmed / Og fæed Sigurenn. So standed nu umgyrter ydar Lendar med

Sañleikanum/ og skrydder Bryniu Riett lætesins / og um Fæturnar Skoofatad er/ so sem reidubuner fram ad fylgia Evangelio Fridarens. Eñ umfram alla Hlute/ þa medtaked Skiolld Truareñar/ med hvorium þier kuñed ut ad slœkva oll Eldleg Skeyte hins Prettvyssa. Og grypped Hialm Hialpradesins / Og Sverd Andans/ hvort ad er Guds Ord.

Evangelium Joh. 4. C.

I þañ Tyma. Þar var Eirn Kongs-Madur / hvors Sonur ad sijkur lá til Capernaum. Þa hañ heyrde þad/ ad JEsus var komeñ af Gydinga Lande i Galilœam/ foor hañ til hans/ og bad hann/ þad hañ fœre ofañ og lœknade Son hañs / þviad hañ var ad mestu daudur. Þa sagde JEsus til hañs: Nema ad þier siaed Teikn og Stoormerke/ trued þier ecke. Kongs-Madureñ sagde til hañs. HErra / Far þu ofañ adur eñ Sonur minn andast. JEsus sagde honum þa: Far þu/ Sonur þinn lifer. Og Madureñ trude þeim Ordum er JEsus

sus sagde honum/og gieck padan. Og
þa ed han foor ofañepter/geingu hans
þienarar i mooke honum/ og kusgiordu
hann/seigiande: Sonur þin liferr. Han
spurde þa þar ad / A hvorium Tyma
þad honum hefde batnad/Og þeir sögdu honum: I Giær um Sioundu Stund
hvarf fra honum Kaldan/þa formerkte Fadereñ/Ad þad var um þan Tyma/
A hvorin ad JEsus hafde sagt/ Sonur þin liferr. Og han trude / Og allt
hans Heima-Foolk.

XXII. Sunnudag Epter Trinitatis.

Collecta.

DRottinn Gud/sem ert vort Skiool og Styrkur/Mælagur vertu Gudlegum Bænum þinar almennelegrar Christne / og hvad helst sem vier þig Riettlega umbidium/ mættum þad Myskunsamlega þer og ödlast. Fyrer/ etc.

Epistillen Philipp. 1. C.

KRistuleger Brædur. Eg þacka Gude
minum/so opt sem eg huxa um ydur/
hvad eg giore alla Tyma i ollum mínum Bænum fyrer ydur ollum/og þa Bæn
giore eg med Fognude/ fyrer þad Samfielag sem þier hafed i Evangelio/ fra
hinum

hinum fyrsta Deige/allt til þessa. Eg em þess hins sama i goodu Trausse/ ad sa sm̃ i ydur hefur uppbyriad hid gooda Verked/ hann mun þad eirneñ fullkomna allt til þess Dags JEsu Christi. So sem ad mier er Tilheyrelegt/ad eg meine um̃ ydur alla/ þviad eg ber ydur alla i minnu Hiarta. I minū Fiotrū/z i Forsvare og Styrkingu Evangelii/ ydur alla s̃ med mier erud Naadareñar Hluttakarar. Þviad Gud er min̄ Vottur/ hvad mig eg elska ydur i Kærū JEsu Christi. Og þess sama bid eg/ þad ydar Kiærleike yfergnæfe meir og meir/ i allre Visku og allre Reinslu/ So ad þier meiged reina hvad best er/ uppa þ þier sieud skyrer og an Nneixlunar/ allt til þess Dags Christi/ fyller med Avoxtu Rettlætesins/ Hvorter ad skie fyrer JEsum Christum til Dyrdar og Lofs Gude.

Evangelium. Matth. 19. C.

DA JEsus sagde til sinna Lærisveina: Himnariike er likt vid ein Konung/ sem

sem reikna vilde vid Pioona sijna. Og er hañ took til ad reikna/ Kom eirn fyrer hañ sa ed hønum var skyldugur uñ Tiju Pusund Punda/ eñ þa hañ hafde þad eige til / sem hañ skylde giallda / skipade Herra hañ ad selia hañs hús Husfreiu/ og so Børneñ / og allt þad hañ atte/ og borga þar med. Eñ sa Pioon fiell frañ / tilbad hañ og sagde: Haf Poleñmæde vid mig / allt skal eg þier giallda. Eñ Herra sa Aumur a þñ Pioon/ z liet hañ lausañ/ z gaf hønum upp alla Skulldena. Eñ þa hañ gieck ut / fañ hañ eirn af sijnum samlags Pioonum/ sa ed hønum atte ad giallda hundrad Peninga/ þañ sama Handtook hañ/ greyp fyrer Kverkar hønum / og sagde: Giallde þad þu ert mier skylduugur. Og hañs samlags Pioon fiell frañ til foota hañs/ bad hañ z sagde: Haf Poleñmæde vid mig / þvi allt skal eg giallda þier. Eñ hañ vilde ecke. Helldur foor burt / og liet hañ i Dyblyssu / þangad til hañ hafde borgad

sijna

sijna Skuld. Ef sem hans Sampioon ar sinu hvad skiede / urdu þeir miog hryggver vid/komu og kunngiordu sijnum Herra/allt hvad ed giorst hafde. Þa kallade hans Herra a hann/ og sagde til hans: Þu illur Þioon/alla þa Skuld gaf eg þier upp / af þvi þu badst mig. Hvort byriade þier þa ecke Myskunsemum ad vera vid þinn Samlags Þioon / lijka sem þad eg var þier Myskunsamur? Og hans Herra vard reidur/og Ofursellde hann Kvslurunum/þangad til hann hafde borgad / allt þad hann var honum skylldugur. So mun og minn Himneskur Fader giora vid ydur/ Ef ad hver ydar sem Ejrn fyrergiefur ecke ut af Hiarta / sijnum Broodur/ hans Misgiorder.

A Allra Heilagra Messu.

Collectan.

HEyr þu Almættuge Eilijfe Gud/ sem vilder Heilaga giora alla þijna Þrvalda og Elskulega/i þijnu Ejngietna z elskulega Syne/ laattu oss þeirra Trw/ Von og Kiærleika epter þylgia/ So ad vier med þeim mættum verda Sæluhvolpner/ Fyrer/ etc.

Pist.

Pist. Openb. B. S. Joh. 7. C.

A þeim Dogum. Og eptir þad sa eg Fiora Engla standa a Fiorū Horn um Jardarenar/og þeir iahielldu fioor um Vindum Jardarenar/ so ad eingen Vindur blies a Jordena/ nie a Siodenn/ nie a nockurt Trie. Og eg sa annan Engel uppstyga af Uppgaungu Soolarenar / sa hafde Jnnsigle lifanda Guds / Og kallade hærre Roddu til fiogra Englanna/hverium giefed var ad granda Jorduñe og Siovnum / og sagde: Granded ecke Jorduñe/ eige Siovnum / nie Trianum/so leinge þad vier Jnnsiglum Pioona vors Guds i þeirra Enni. Og eg heyrde a Tolu þeirra sem Jnnsiglader voru/ Hundrad fioorar z fiorutyg er þusunder voru Jnnsiglader i allre Kynkvysl Israels Sona. Af Kyne Juda Toolf þusunder Jnnsiglader. Af Kyne Ruben Toolf þusunder Jnnsiglader. Af Kyne Gad Toolf þusunder Jnnsiglader. Af Kyne Aser Toolf þusunder Jnnsiglader. Af Kyne Nephtalim Toolf

þusund-

þusunder iñsiglader. Af Kyne Manasse Toolf þusunder Iñsiglader. Af Kyne Simeon Toolf þusunder Iñsiglader. Af Kyne Levi Toolf þusunder Iñsiglader. Af Kyne Isaschar Toolf þusunder Iñsiglader. Af Kyne Sabulon / Toolf þusunder Iñsiglader. Af Kyne Joseph Toolf þusunder Iñsiglader. Af Kyne Benjamin Toolf þusunder Iñsiglader. Og epter þad sem eg / og sia / ad Skare mikell / hvorn ad engeñ gat taled / af ollum Kynkvisslum þioddum og Folke og Tungumaliñ / Stood fra me fyrer Stoolnum og Lambenu / umm skryddder hvytum Skruda / og Palma Vfour i þeirra Hendum. Og þeir kolludu hærre Roddu / Og sogdu. Heilsa sie þeim sem a Stoolnum situr / vorũ Gude og Lambenu. Og aller Englar stoodu Vmhverfis Stooleñ / og kringũ Ulldungana / og um kring þau fiogur Dyreñ. Og fellu nidur fyrer Stoolnum fraũ a þrra Asionner / og tilbædu Gud / og sogdu / Amen. Lof og Dyrd / og Spe-

ke /

ke / þacker og Heidur og Kraptur og Styrkleike/Sie vorum Gude/Vm Alld er og ad Eilifu / Amen.

Evangelium Matth. 5. C.

OG er JEsus leit Foolked/gieck hann uppa Fialled. Og þa hann sette sig nidur/geingu hans Læresveinar til hans. Og hann lauk upp sinum Munne/ kiende þeim og sagde: Sæler eru þeir sem Andlega eru Volader/þviad þeirra er Himnarikid. Sæler eru þeir sem Narma / þviad þeir munu huggader verda. Sæler eru Noogværer / þviad þeir munu Jardrikid erfa. Sæler eru þeir sem Hungra og þyrsta epter Riettlætenu / þviad þr skulu sadder verda. Sæler eru Myskunsamer/þviad þeir munu Myskun hlioota. Sæler eru hreinhiartader/ þviad þeir munu Gud sia. Sæler eru þeir sem Frideñ semia/þviad þeir munu Guds Børn kallader verda. Sæler eru þier sem fyrer Riettlætesins saker ofsokter verda / þviad þeirra er Himna riike. Sæler eru þier nær sem Meñern-

er hallmæla ydur / og Ofsoekn veita og tala i giegn ydur alla Vondsku / fyrer minnar Saker / þo Leugande. Fagned þier og vered glader / þviad ydart Verdlaun er miked a Nimmum. Þviad so ofsoektu þeir Spamenninna / þa sem fyrer ydur voru.

XXIII. Sunnudag epter Trinitatis.

Collectan.

FYrir Herra Gud / vier bidium / apleys Synder þyns Folks / og lat oss af vorum Synda Bøndum / sem vier saker vors Breyskleika erum bundner / med þinne Mildre leyssast / Fyrer / etc.

Pist. til Philip. 3. og 4. Cap.

KJærer Brædur. Vered minner Epter breikendur / og giæted ad þeim / sem so gænga / likra sem þier hafed oss til Fyrermyndar. Þviad marger gænga so / af hvørium eg hefe optsinnis sagt ydur. Ok nu seige eg ydur Grætande / þeir Ovinner Krossens Christi / hvørra Æfelok er Fyrerdæmingen / hvørra Gud Magen er / og þeirra Vegsemd sem Jardlega Sinnader eru / verdur til Skamar. Ok vor Borgar Riettur er a Nimne / hvadan vier væntum Frelsarans Drottens Jesu

JEsu Christi / sa ed vorn fœsteingafi Lykama mun forklœra/so ad hann lykur verde hans forklœrudum Lykama/epter peim Krapte/sem hann kann sier alla Nlute med Vndergiefna ad giora. Par fyrer mynner kiœrer og elskuleger Brœdur/minn Dognudur og myn Corona/ standed so i Drottne elskanleger. Evodiam œmisse eg / og Synkychen œmisse eg / pad pœr sleu Samlyndar i Drottne. Eg bid pig og eirnesi minn Eigeskegur Sam-pioon/ hiœlpa peim sem med mier strydt hafa i Evangelio/ og med Clemense/og hinum odrum mynum Sam-pioonum/hvorra Nofn ad eru i Lyfs Bookesse.

Evangelium Matth. 22. C.

I pann Tyma. pa geingu Phariseearner / og hielldu eitt Rœd / ad peir feinge veidt hann i Ordum. Og sendu til hans syna Lœresveina med Herodis pienurum/so seigiande Meistare/Vier vitum pad pu ert Sannsogull/og kiesser Guds Gotu i Sannleika/ skeiter eige nockrum/pviad pu fer eige ad Mannvirding-

um. Þar fyrer segg þu oss / hvad þier ætlst. Nvort leyfest ad giefa Keysaranum Skatt edur eige? En þa JEsus formerkte þeirra Vondsku/ sagde hann. Hvad freistid þier mijn Hræsnarar? Sýnid mier Myntena Skattsins. Og þeir feingu honum eirn Pening. JEsus sagde til þeirra: Hvors Mynd og Yfirskrift er þetta? Þeir sögdu honum/ Keysarans. Þa sagde hann til þeirra: Gefid þa Keysaranum hvad Keysarans er/ og þad Gude hvad Guds er. Og er þeir heyrdu þetta / undrudust þeir/ forlietu hann og geingu i burt.

XXIV. Sunnudag epter Trinitatis.

Collecta.

Ef Jesse / Almættuge Gud/ sundu þínum vitr völdu Börnum Kiæsku þinar Eilyfrar Myskunar/ so ad þau mættu hafa Hug og Vilia til þyn / og ad þeirra Hiörtu sieu reidubwrn til allra goodra Verka/ og þroskist i öllu þvi sem þier vel þóknast. Fyrer JEsum/ etc.

Pistillen Colos. 1. C.

Elskuleger Brædur. Þar fyrer vier eirn en/ allt fra þeim Deige/ þa vier höfum þad heyrt/ hiettum vier ecke af/ fyrer ydur ad bidia og beidast / þad þier upp-

fyllist

fyllest med peckingu hañs Vilia/i allsh. ttudum Andlegum Vijsdoome og Skilnnge / so ad pier ganged i peckingu/Drottne Verduglega/til allrar þocknunar. Og sieud Avaxtarsamer i ollum goodum Verkum/ og ad pier sieud vaxande i peckingu Guds/ og styrkest i ollum Krapte/epter Mætte hñs Dyrdar/ i allre þolenmœde og Langlundar-Giede/med Fognude. Gisrande þacker Fodurnum/ sem oss hefur skapfellega giort til ad odlast Nlutskipte Neilagra i Ljoos senu. Sa ed oss hefur frelsad af Yfervallde Myrkraña / og hefur oss sett i Ryke sijns elskulega Sonar/ i hverium vier hofum Endurlausnena fyrer hañs Blood/sem er Syndañ Fyrergiefnng.

Evangelium Matth. 9. C.

I þañ Tijma. þa ed JEsus talade þetta til þeirra: Sia þu/ad Nafdinge nockur gieck ad/og tilbad hañ/seigiande: Mijn Dootter er nu samlud/en þu kom og legg þijna Hond yfer hana / og mun hun lifa. Og JEsus stood upp/og

fylgde honum/og so hñs Læresveinar. Og sia þu/ad Kona/hvor ed haft hafde Bloodfall i Tolf Aar/gieck a bak til vid hann/og snerte Falld hanns Klædnadar. Þvi hun sagde med sialfre sier. Ef ad eg mætte ad eins snerta hanns Klædnad/munde eg heilbrigd verda. En JEsus snereſt vid / leit til hennar og sagde. Verttu Nughrauſt Dottter/ þin Trua gierde þig heilbrigda. Og a þeirre somu Stundu/ vard Konan heilbrigd. Og þa ed JEsus kom inn i Nefdingians Hus/ og sa þar Ludurþeikara/ og Bulldran Foolksins/sagde hann til þeirra. Viked fra/ þviad ecke er Stulkan daud/heldur sefur hun. Og þeir dærudu hann. En sñ Foolked var utdrifed/gieck hann þar inn/ og took umm hennar Hond. Og Stulkan stood upp. Og þetta Ryckte harst ut umm allt þad sama Land.

XXV. Sunnudag Epter Trinitatis.

Collecta.

DRottenn Gud Himneske Fader / Tiæn þu oss Aumum og Syndugū þyna Myskunsemc/og epter þvi vier meigum cige reida oss uppa nockra vora Forþienan / heldur allcina treysta þinne

hliſe Mad / So ad vier ei skulum falla i thet stranga Doom, helldur ad vier mættum leysast thar tra / tyrer thana Mad og Myskunsemi / fyrer JEsum Christum thin Son / etc.

Pistillen 1. Tessal. 4. Cap.

EElskuleger Bradur. Ef vier vilium ei dylia fyrer ydur / um tha sem sofa / uppa thad ad thier sieud ecke hryggver / so sem hein adrer ed ongva Von hafa. Thvi ef vier trvum ad JEsus sie daudi / og upp aptur risen / so mun og Gud eirn eis tha sem sofnader eru / fyrer JEsum med honum framleida. Thviad thad seigium vier ydur / so sem Ord Drottens / thad vier hverier ad lifum og epterblifum i Tilkomu Drottens / Vier munum eige fyrer heim koma / sem sofnader eru. Thvi Drottenn sialfur mun med Hroope / og med Hofud-Engelsins Raust og ludre Guds / ofan koma af Himnum / og hinir daudu i Christo / skulu fyrst upprisa. Thar epter vm / Vier sem lifum og eptervidum / verdum under eins upprickter med heim somu i Skyen / til moots vid Drottenn i Lopted / og munum so hia Dro-

kne vera alla Tyma. þar fyrer/hugg' ed nu hvor annañ Jnnbyrdis / med þess' um Ordum.

Evangelium Matth. 24. C.

I þañ Tyma. JEsus sagde til sinna Læresveina: Nar ed þier siæed Svss' virding Foreydsluñar (af hvorre sagt er fyrer Spæmañen Daniel) standande i Nelgum Stad. Hvor sem þad les/ hañ hygge þar ad. Hvorier þa eru a Gyd' ingalande / flye þeir a Fiall/ Og hvor hañ er a Riæfre/fare hñ eige of añ nock ud ad taka ur synu Huse. Og hvor sem a Akre er / snue hañ ei aptur / ad taka syn Klæde. Ehi Vei þungudum og Brioostmylkingum a þeim Dogum. Ehi bidied/ad ydar Flootte verde ecke um Vetur/og eige a Hvolfdeige. Þviad þa mun verda so stoor Hormung / þvilyk ad eige var i fra Vpphafe Veralldaren ar/allt til þssarar Stundar/Og ei helld ur mun verda. Og nema ad þesser Dag' ar verde styttter/verdur eckert Hollð holp ed. Ehi fyrer Hvaldra Saker/þa skulu

þeir

þeir styrkiast. Eñ ef nockur seiger þa til ydar/ Siæed/ Nier er Christur eda þar/ þa skulud þier ecke þvi trua. Þviad þar munu upprysa Falschristar og Falss Spamenn / og þeir munu giøra stoor Tækn og Vndur / so ad i Villu munu leidast (ef skiemætte) erneñ Vtvalder. Siæed eg sagda ydur þad fyrer. Nu ef þeir seigia til ydar / Siæed / hañ er a Eydemørku/ þa gænged ecke ut. Siæed/ hañ er i Laun-Kofum þa trued eige. Þviad lyka sem Elding utgeingur af Vppgaungu / og skin allt til Nidurgaungu/ lyka so mun og vera Tilkoma Mañsins Sonar. Þviad hvar hellst ad Nræd er / þangad munu og Ernerner safnast.

XXVI. Sunudag epter Trinitatis.

Collecta.

NEyr þu Myskunsame Eilyfe Gud Himneske Fader/ Vier bidium þig ad þu vilier uppvekia oss / So ad vier mættum med allre Astundan þrasiganga/ i Christelegum goodum Verkum/ og jafnañ styrktast i þier og i ollum Gudlegum Hlutum. Fyrer þiñ/ etc.

Pist. S. Pet. 2. pistl. 3. Cap.

GJoder Brædur. I Fyrstu þa vited / þad a Sídustu Dogum munu koma Spottarar / hvorer epter þeirra eigenlegum Girndum munu gánga / og seigia. Hvar er Fyrerheit hans Tilkomu? Þviad fra þeim Deige ad Fedurner sofnudu / þa blifa aller Hluter so sem fra Vpphafe Skapunaresiar. Þviad viliande er þeim þad huled / ad Himnarner eirnesi voru fordum Tijd / þar med og Jordesi ur Vatnenu / og i Vatnenu stoodst fyrer Guds Ord. Hvar fyrer Heimuresi sem i þann Tijd var i Vatnenu yfirflædder fyrerfoorst. En Himnarner og Jordesi sem nu eru / verda fyrer hans Ords þrud / i Eldenum vardveitt til Dags Doomsins og Tyrmar Ogudlegra Manna. En þetta eitt sie Dhuled fyrer your / hiner Kiærustu / þad eitn Dagur fyrer Drottne / er sem þusund Aar / og þusund Aar sem eitn Dagur. Drotten sennkar ecke Fyrerheitenu (so sem nockrer halda þad Sennkan.) Heldur hefur hann þolinmæde vid oss /

og

og vill eige þad nockur fortapest/helldur ad allir snue sier til yfirbootar. Ef þ Dagur DRottens mun koma sem þiofur ur vm Nootte / a hvorium Himnarner munu forganga/medur Stoor-Brestum/ en Hofud-Skiepnurnar af Hita brædna/og Jorden og þau Verk sem þar eru iñe/ munu uppbrenna. Med því ad allt þetta skal nu forganga. Hvilikum byrtar ydur þa ad vera? Med heilogu Framferde og Guds rækne. Bidiande og flytiande ydur til Tilkomu Dags DRottens/ a hvorium Himnarner munu af Elde forganga / og Hofud-Skiepnurnar af Hita brædna. En vier væntum epter nyum Himni og nyrre Jordu / epter hans Fyrirheite/ i hvorium Riettlæti bygger. Hvar fyrir minner Kiærustu/ þier sem þess vænted / Kostgiæfed þad þier fyrir hønum Ofleckader og Ostraffanleger i Fridinum fundner verded. Og Holenmæde vors DRottens halded fyrir ydar Saluhialp.

Evangelium Matth. 25. C.

A þeim

A þeim Dogum. Eſi þa Manſſins Son mun koma i ſiñe Dyrd / og aller Heilager Einglar med honū: Nañ mun þa ſitia a Sæte ſijns Veldis/og allar þiodder munu ſamañ ſafnaſt fyrer hønum. Og hañ mun þa ſundur ſkilia hvøria fra ødrum / So ſem Hirder ſundur greiner Saude fra Kidum / Saudena mun hañ ſkicka til ſiñar Hægre Handar/eſi Kideñ til Vinſtre. Þa mun Kongureſi ſeigia til þeirra ſem a hñs Hægre Hønd eru. Komed þier Bleſſader Fødur mijns/ Og Erfed þad Rijke ſem ydur var tilbued fra Vpphafe Veralldar. Þviad Hungradur var eg/og þier gæfud mier ad eta. Þyrſtur var eg/ og þier gæfud mier ad drecka. Gieſtur var eg/ og þier hyſſtud mig. Nakeñ var eg / eg þier klæddud mig. Siukur var eg / og þier vitiudud mijn. I Myrkvaſtofu var eg/og þier komud til mijn. Þa munu hiner Rietttlatu ſvara hønum / og ſeigia ſo: Herra/hvenær ſæum vier þig hungradañ/og ſøddum þig? Eda Þyrſtañ/

og

og gæfum þier ad drecka? Eda hvenær sæum vier þig Giestkonest / og hýstum þig? Eda Nakest og klædum þig. Eda hvenær sæum vier þig Siukan / eda i Myrkvastofu / og komum til þýn? Og Kongurest mun svara/og segia til þeirra: Sannlega segie eg ydur / Nrad þier gierdud einum af þessum mínum minstu Brædrum / þad gierdud þier mier. Þa mun hann og segia til þeirra sem til Vinstre Handar eru: Farid burt fra mier þier Bolvader i eilífann Eld/þann sem fyrerbuen er Fiandanum og hans Aarum. Þvíad Nungradur var eg/ og þier gæfud mier eige ad eta. Þyrstur var eg/og þier gæfud mier eige ad drecka. Giestur var eg/ og þier hýstud mig eige. Nakenn var eg/og þier klæddud mig eige. Siukur og i Myrkvastofu var eg/ og þier vitiudud mínn eige. Þa munu þeir hønum svara/og segia og erresi. N Erra/Hvenær sæum vier þig Nungradann eda Þyrstann/ Giest eda Nakenn / Siukann edur i Myrkvastofu / og hofū

þier

þier ecke þioonad? Þa mun hann svara þeim og segia: Sannlega segie eg ydur/ Hvad þier giordud eige einum af þessum enn minstu/ þad giordud þier mier ecke. Og munu þeir þa gaanga i eilifft pijnsler/ En Rietttlaater i eilifft Lijf.

XXVII. Sunnudag epter Trinitatis.

Collecta.

O Myskunsame Eilijfe Gud/ Himneske Fader/ Vier biddum þig/ ad þu vilier uppvekia oss/ ad vier med allre Kostgiæfne mættum ganga Christelega i goodum Verkum/ og alltyd styrkia fast fyrer þig og stundner vera i allre Gudrækne/ fyrer þinn/ etc.

Pist. S. Pet. 2. pistl. 1. Cap.

Elskuleger Brædur. Fyrer þvi vil eg eige undanfella ad áminna ydur jafnlega umm þetta/ þo ad þier vited þad/ og erud styrkver i nalægum Sannleika. Þviad eg hygg þad rietttelegast/ so leinge sem eg er i þessare Tiallbud/ ad uppvekia ydur med Aminningum. Þviad eg veit þad/ ad eg hlyt snarlega þessa minna Tiallbud af ad leggia/ so sem vor Drottenn Jesus Christus hefur mier Openberad. En eg vil Kapps umkosta/ þad þier

Cepter

(epter minna Vilfor) lafnad hefdud ſtyrk til miñs ad halda. Þviad eige hefum vier þeim Dæmafroddum Fræſøgum epterfylgt/þa vier giordum ydur kunnan Krapt og Nærvgadkomu vors Drottens JEſu Chriſti. Heldur hofum vier ſiálfer ſied hans Vegſemd / þad Tygd hann af Gude Fodur medtook Dyrd og Neidur / þar ed þeſſi hattar Raust til hans ſiede / af mikellegre Dyrd. Þeſſe Er Min Elſkulegur Sonur/ Ad hvorium mier vel þocknaſt. Og þeſſa Raust þa heyrdum vier af Himnum vera/ þa vier vorum med honum uppa Fiallenu Helga.

Evangelium Matth. 17. C.

Á þeim Tyma. Og Sex Dogum þar epter/took JEſus med ſier Petrum og Jacobum/og Johannem Brood ur hans / og hafde þa afſydes uppa hatt Fiall/og umbmyndadeſt fyrer þm. Og hans Aſiasna ſkein ſem Sool/ En hans Klæde urdu ſo biart ſem Ljoos. Og ſiá/ ad þeim byrtuſt þeir Moyſes

og

og Elias/og toludu vid hann. Efi Petur ansade og sagde til JEsu. Herra/ Hier er oss gott ad vera. Ef þu vilt þa vilium vier giora hier þriar Tiallduder/þier Eina/ Moysi Eina/og Elie Eina. Og þa hann var þetta ad tala/Sky/ad biart Sky umskygde þa. Og Sky / ad Roddenn ur Skyenu sagde: Þesse Er Sonur Minn Elskulegur / ad hvorium mier Velþocknast/ hlyded þier honum. Og er Læresveinarner heyrdu þad / fiellu þeir fram a sijnar Asianer/ og urdu miog hrædder. Efi JEsus gieck til peirra / Took a peim/ og sagde: Standed upp/ og vered ei hrædder. Efi þa peir litu upp / sau peir aungvann nema JEsum allemasta. Og er þr geingu ofann af Fiallenu / baud JEsus peim/ og sagde: Þier skulud aungvum þessa Syn seigia / þar til ad Mannsins Son/ er upp aptur risenn fra Daudum.

EPISTOLIA.

Pijmunar og Daudans DRottens vors JEsu Christi/ ut ap Hioorum Budspialla/ Mønunum Samanlesenn.

Og þa þeir høfdu Lopsaungen sunged/ gieck JEsus ut sem hann var vanur/ yfer um Lækenn Kedron til Fiallsins Olivети.

Enn hans Læresveinar fylgdu hønum epter. Þa sagde hann til þeirra: A þessare Nottu munud þier aller hneixlast a mier/ Þviad skrifad er/ Hirdereen mun eg slaa/ og Sauder Hiardareennar munu t sundur tvistrast/ en nær eg rijs upp aptur/ þa mun eg ganga fyrer ydur i Galileam. Petur svarade og sagde til hans: Þo aller hneixle sig a þier/ þa skal eg þo alldrei hneixlast. JEsus sagde til hans: Sannlega segie eg þier/ ad i Dag adur en Hanenn galar tvisvar/ muntu afneita mier þrisvar. En hann/ Petur/ talade þa en þrekar/ Jaa/ þo eg ætte ad deya med þier/ þa skal eg ecke afneita þier. Slijkt hid sama søgdu aller Læresveinarner.

Þa kom JEsus med þeim i þad Aturgierde sem hiet Gethsemane/ þar var eirn Graasgardur/ þar gieck JEsus in og hans Læresveinar/ En Judas sa ed sveik hann/ visse og þenann Stad/ þviad JEsus sapnadest opt þangad med sijnum Læresveinum. Þa JEsus kom i þann Stad/ sagde hann til sijna Læresveina. Setied ydur hier a medan eg fer burt og bidst þar fyrer. Vidied so ad þier falled ecke i Freistne.

Og hann took med sier Petrum og Jacobum og Johannem/ þa tvo Sonu Zebedæi/ og tok til ad hryggiast/ titra af hræddslu og harmþrungen ad verda/ og þa sagde hann til þeirra: Mijn Sala er hrigg allt i Daudann/ bijded hier og vaked med mier.

Og hañ steit sig i burt þra þeim/og gieck litlu þrañ leingra nær einu Steinsnare / og kraup á Knie/biell þrañ a sgna Asioonu til Jardar/ og bad. Ef þad møgulegt være ad siw stund hia sier lide/og sagde/ Minn Fader /ef møgulige er/ þa vyke þesse Kaleikur þra mier/ Abba Fader minn/allt er þier møgulegt, Tak burt þenañ Kaleik þra mier/ þo ei hvad eg vil/heldur hvad þu vilt. Og hañ kom til sinna Læresveina/ og þañ þa Sofande/Og sagde til Peturs : Simon/ Sefur þu ? Formætter þu ecke eina Stund ad vaka med mier ? Vaked og bidied so þier falled ecke i Freistne. Andeñ er reidubwen / en holld ed er veikt.

J Annad Sin gieck hañ en burt aptur / badst fyrer/ talade þrim sømu Ordum/og sagde: Minn Fader/ Ef þad er ecke Møgulegt ad þesse Kaleikur vyke þra mier/ utañ eg drecke hañ/ þa verde þin Vilie. Og hañ sner: aptur/ Kom og þañ þa en Sofande/ þviad þeirra Augu voru þrungen ap Svefne/ Og þeir vissu ecke hvørtu þeir svørudu hønum. Og hañ skilde vid þa/og gieck burt aptur/ og bad i þridia sin med sømu Ordum/ og sagde : Fader/ ef þu vilt so / þa tak þenañ Kaleik þra mier/ þo ecke min / heldur verde þin Vilie. Ein hønum birtest Engell ap Himne/ Sa ed styrkte hañ. Og þa hañ var staddur i Daudans Strijde/ tok hañ ækaflega ad bidia. Ein hans Svette vard so sem Blood/ hnikar/ þeir ed fiellu a Jørdena. Og hañ stood upp þra Bænstæ / og kom til sinna Lærisveina i þridia sin/ og þañ þa Sofande ut ap Grigd/og

sagde

sagde til peirra: Soped þier nu þad epter er ek hugleſt. Hvad soped þier? Þad er noog/ standed upp og bidied so þier þalled ecke i freistne. Stæred sw Grund tekur ad nalgast/ og er komen/ ad Mannsens Son mun opurseliast i syndugra Hendur/ standed upp og gaungum hiedan/ Stæred/ sa ed mig svikur/ han er i Nand. Og jafnsnart sem han var en ad tala um þetta/ Stu/eirn ap þeim tolfe sem Judas hiet/ þa er han hafde nu til sin tekid Flock Manna og Prestara Riettemanna Høfdinglanna og Pharisæanna/ kom han þangad og med hønum Flockur mikell/ med Blisum/ Lømpum/ Sverdum/ Staungum ok Vopnum/ utsender ap Riettemanna Høfdinglum Skriptlærdu og Øldungu/ og han gieck þ prim.

Sem JEsus visse nu allt hvad yfer han mætte ad koma/ gieck han fram og sagde til peirra: Ad hvørium leited þier? þeir svørudu hønum/ ad JEsu ap Nazareth. JEsus sagde til peirra/ Eg em han. En Judas sa ed sveik hann/ stood eirnen hia peim/ en sem JEsus sagde til peirra/ Eg em han/ hørfudu peir bak aptur og duttu til Jardar. Han spurde þa en einusinne/ ad hvørium leited þier? En peir søgdu/ ad JEsu ap Nazareth. JEsus svarade/ Eg sagda yduer þad/ eg em han. Þar fyrir/ ef þier leited ad mier/ þa lated þessa i burtu fara. So ad uppfyllest þad Ord/ hvad han hafde sagt. Ad aungvum glatade eg ap þeim sem þu gafst mier. (Joh. 17.)

En Svikarenn hafde gieted þeim sameigenlega Teikn/ og sagt. Hvørn helst eg kysse/ sa

er þad/ grǫped hann og leidd̃ i burt varelgdar/ lega. Og þa hann kom/nalgadest hann JEsum ad hann kysti hann / og jafnsnart gieck hann til hans / og sagde: Heill siertu Rabbi og kysti hann. En JEsus sagde til hans. Vinur / hvar fyrer ertu komen? Juda/ svikur þu Mannsins Son med Kosse? Þa geingu þeir fangad / og løgdu hendur a JEsum og gripu hann. En þa ed þeir sem hia hønum voru/ sau hvad verda vilde/ spurdu þeir til hans: Herra/ skulum vier slia med Sverde? Og slo/ ad eirn af þeim sem med JEsu voru og þar stoodu/ Simon petur/ hafde eitt Sverd/ riette ut hendina / og rickte þvi og sloo til presta Høfdingians Pienara/ og hioo af hønum hans hid hægra Eyra. Og sa Pienare hiet Malchus.

En JEsus svarade og sagde: Leifed þeim ad giøra en þrekar/ og sagde til peturs: Stick tu þinu Sverde i Slidrer / þviad hvør ad Sverded tekur / sa mun fyrer Sverde varaft. Eda meinar þu ad eg kunne ecke nu ad bidia minn Fødur þad hann sende mier meir en tvolf Legion Engla? Skal eg ecke drecka þann Kaleik hvørn ed minn Fader hefur mier giefed? En hvørnen skylldu þa Ritningarnar uppfyldar verda: Þvi þad hlytur so ad skie. Og hann at hræde hans Eyra og lækinade hann.

A þeim Tyma svarade JEsus og sagde til Folksins/og peirra Prestahøfdingia/og Høfudsmanna Musteresins og Øldungana/ sem til hans voru komner. Þier erud so sem til anars Kæfingia vorgeingner med Sverdū og Staung/

um

